



# Fréttablað

---

Verkalýðsfélag Vestfirðinga 3. árg. 2. tbl. desember 2012



# Í hvaða stéttarfélagi ert þú?



Á námskeiðum á vegum Verkalýðsfélags Vestfirðinga er aðild starfsmanna að stéttarfélögum áberandi í umræðum. Fólk virðist oft á tíðum ekki meðvitað um það hvaða reglur gilda um aðild að stéttarfélagi. Ýmsum spurningum sem komið hafa upp í þessu sambandi viljum við reyna að svara hér:

## Þarf ég að greiða í stéttarfélag?

Samkvæmt lögum frá 1980 nr. 55 er atvinnurekendur gert skylt að halda eftir af launum starfsmanna iðgjaldi til viðkomandi stéttarfélags samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina. Samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi og ákvæðum l. 55/1980 er launafólki frjálst að standa utan stéttarfélaga þótt því beri aftur á móti skylda til þess að taka þátt í fjármögnun kjarnahlutverks stéttarfélaganna sem er að gera lágmarks kjarasamninga sem ná til allra óháð formlegri félagsaðild.

## Ef ég skipti um félag missi ég þá öll réttindi?

Ef iðgjald er greitt til félags innan ASÍ flytur viðkomandi réttindin á milli stéttarféлага.

## Er ekki sama í hvaða stéttarfélag ég greiði?

Í lögum hvers stéttarfélags er félagssvæði þess tilgreint. Félagssvæði Verkalýðsfélags Vestfirðinga eru öll sveitarfélög á Vestfirðum, nema Bolungarvík. Þó er verslunar- og skrifstofufólk í Bolungarvík innan raða Verk Vest. Félag járnliðaðarmanna á Ísafirði nær yfir Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavík. Þeir sem starfa innan félagssvæðis Verk Vest skulu greiða til félagsins.

## Get ég valið um stéttarfélag á sama félagssvæði?

Ef tvö félög eða fleiri eru aðilar að sama kjarasamningi í sömu starfsgrein á sama félagssvæði er hægt að velja félag (til dæmis Verk Vest eða FosVest).

## Hvað græði ég á því að greiða í stéttarfélag?

Flest félög ganga eins langt og hægt er varðandi réttindi félagsmönnum til handa. Félögin eru með sjúkradagpeninga, sjúkrastyrki, starfsmenntasjóði, orlofshús og almenna lögfræðipjónustu fyrir félagsmenn. Einnig starfar Virk starfsendurhæfingarsjóður á vegum stéttarfélaganna.

## Hvað gerir VIRK fyrir mig?

Ef starfsgeta þín er skert vegna heilsubreysts getur þú leitað aðstoðar hjá ráðgjafa sjúkrasjóðs stéttarfélagsins þíns. Ráðgjafinn aðstoðar þig við að efla færni þína og vinnugetu. Þjónustan miðar að því að efla styrkleika þína og draga úr áhrifum hindrana á vinnugetu og þátttöku á vinnumarkaði.

## Getur atvinnurekandinn ákveðið í hvaða félag ég greiði?

Atvinnurekanda ber að fara eftir þeim reglum sem gilda á vinnumarkaði og getur ekki ákveðið fyrir hönd starfsmanna fyrirtækisins til hvaða félags þeir eiga að greiða.

## Eru sömu laun í öllum stéttarfélögum?

Í öllum kjarasamningum er kveðið á um lágmarkslaun sem þýðir að ekki megi greiða lægra en lágmarkstaxta. Enginn kjarasamningur eða stéttarfélag hamlar því að ekki megi greiða meira. Það er öllum frjálst að greiða góð laun óháð félagsaðild. Öll félög hvetja til bættra kjara. Lágmarkstaxti er ekkert lögmál.

Þetta svarar vonandi einhverjum spurningum. Frekari upplýsingar um starfsemi félagsins og um kaup og kjör og réttindamál er að finna á heimasíðunni [www.verkvest.is](http://www.verkvest.is). Starfsfólk á skrifstofu Verk Vest á Ísafirði, Patreksfirði og Hólmavík er ætíð tilbúið að svara spurningum þínum. Skrifstofan á Ísafirði er í Pólgötu 2, opin 8-16 alla virka daga, síminn er 456-3190. Skrifstofa verkalýðsfélaganna á Ísafirði þjónar einnig félögum í Félagi járnliðaðarmanna.



Ebba



Eygló



Fanney



Sigrún



Finnbogi



Helgi



Hrönn



Hulda



Kristín

# Verðmætin liggja í verkþekkingunni!



Finnþogi Sveinbjörnsson

Ég er langt í frá að vera sáttur þegar talað er um að atvinnuleysi sé að minnka. Nauðsynlegt er að ræða slíkar fullyrðingar í öðru samhengi. Atvinnulausir flytja áfram í burtu, ekki bara milli landsvæða líkt og þeir gerðu árin 2002 og 2003, heldur einnig burt frá landinu. Á þeim árum jókst atvinnuleysið lítillega en minnkaði síðan aftur. Þegar þrengir að og fólk hefur ekki örugga vinnu, þá leitar það annað og jafnvel flytur af svæðinu. Það er líklega í eðli okkar að leita í tryggari framfærslu. Stóri vandinn við þessa miklu „hreppaflutninga“ launafólks er að við erum ekki

aðeins að tapa störfum heldur einnig verkþekkingu, er nú svo komið að oft reynist erfitt að fá faglært fólk til starfa. Ekki hjálpar til þegar nemendur í iðngreinum komast ekki á samning þar sem fyrirtæki eru að draga saman í rekstri og geta ekki tekið til sín nema.

## Mikil verkþekking í sjávarútvegi

En hvað er til ráða? Þegar stórt er spurt er oft fátt um svör. En mín bjargfasta trú byggir á því að við Vestfirðingar sækjum fram af krafti þar sem við þekkjum best til. Þar á ég að sjálfsgöðu við í sjávarútvegi. Á Vestfjörðum búa fyrirtæki ennþá við mikla verkþekkingu í sjávarútvegi og greinum sem tengjast sjávarútvegi. Við þurfum að skapa okkur sérstöðu með því að taka frumkvæði og gera hráefni í sjávarútvegi á Vestfjörðum að eftirsóttri gæðaframleiðslu. Þá kunna einhverjir að spyrja, bíddu hefur það nú ekki verið marggreint. Nei, ekki með því að mennta starfsfólk í meðferð og vinnslu sjávarafurða, þannig að afurðirnar verði vottaðar sem gæðaframleiðsla sem er unnin og meðhöndluð af starfsfólki sem hefur vottun frá viðurkenndri menntastofnun um slíka hæfni. En krafa markaða er einmitt að hráefni sem þeir kaupa fái ennfrekari gæðavottun með staðfestir kunnáttu og þekkingu starfsfólks sem vinnur við og meðhöndlar hráefnið í pakkningar.

Sjálfsgagt kann einhverjum að þykja þetta algjör fjarstæða. En skoðum málið í samhengi við verkþekkingu í sjávarútvegi og vinnslu sjávarafurða á Vestfjörðum, og tengjum síðan markaðslegum aðstæðum fyrirtækjanna sem þurfa að gera sem mest verðmæti úr sinni framleiðslu. Í sjávarútvegsfyrirtækjum á Vestfjörðum eru mikil

verðmæti, verðmæti sem liggja í verkþekkingu starfsmanna þessara fyrirtækja. Verðmætin hafa fyrirtækin skapað með því að viðhalda og þróa verkunnáttu hjá starfsfólki á meðferð hráefnisins um áratuga skeið. En gætu þau ekki gert enn betur með því að tengja t.d. Matís ásamt fræðslustofnunum á Vestfjörðum betur við atvinnulíf og þannig tvíanna saman nám og vinnu?

## Sjávarafurðabraut á Vestfjörðum

Væri ekki full ástæða til að setja upp „Sjávarafurðabraut“ við Menntaskólann á Ísafirði. Námsbrautin gæti verið hluti af verknámskerfi skólans með aðkomu atvinnulífsins á Vestfjörðum. Náminu mætti skipta upp í ákveðin svið, allt eftir þörfum vinnu-markaðarins. Hægt væri að bjóða upp á matvælatækni fyrir sérhæfða starfsmenn í fiskvinnslu. Veidafæratækni fyrir sérhæfða starfsmenn í veiðafærum. Fiskeldistækni fyrir starfsfólk í fiskeldi sem er ört vaxandi atvinnugrein á Vestfjörðum. Síðan væri bara spurning um óskir vinnu-markaðarins, hvaða nám yrði lögð áhersla á hverju sinni, sem og lengd og umfang námsins. Allt myndi þetta miða að því að gera vöruna verðmætari og eftirsóknarverðari hjá kaupendum, svo ekki sé talað um að störfin verða líka verðmætari og eftirsóknarverðari.

## Eigum að vera í forystu

Ég hef áður komið inn á það í pistlum og opinberri umræðu að það verði að hlúa að því sem fyrir er og styðja þannig við atvinnurekstur að hann geti lifað það af að vera á Vestfjörðum. Gerum störfum í fiskvinnslu og sjávarútvegi miklu herra undir höfði. Tryggjum okkur verðmætt starfsfólk til framtíðar með sameiginlegu átaki í menntamálum fyrirtækja í sjávarútvegi og viðurkenndra menntastofnana. Gerum þessi störf að viðurkenndum og eftirsóttum störfum þar sem góð laun eru greidd fyrir gott og vel menntað starfsfólk. Tryggjum að verkþekking í vinnslu og veiðum á Vestfjörðum verði viðhaldið og gerð að eftirsóttri útflutningsafurð. Gerum framleiðslu sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum að eftirsóttari og viðurkenndri gæðavöru.

*Finnþogi Sveinbjörnsson,  
formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga.*

**Fyrir félagsgjaldið færðu þjónustu frá stéttarfélaginu og öðlast rétt í sjúkrasjóði félagsins, rétt til að nota orlofshús félagsins og rétt til að sækja námskeið á vegum félagsins.**

## Fréttablað Verkalýðsfélags Vestfirðinga 3. árg. 2. tbl. desember 2012

### Ritnefnd:

Finnþogi Sveinbjörnsson, ábyrgðarmaður

Eygló Jónsdóttir

Soffía Þóra Einarsdóttir

Kári Þór Jóhannsson

### Ritstjórn:

Sigurður Pétursson

Prentun og umbrot: H-prent ehf, Ísafirði

**Forsíðumynd:** Kári Þór Jóhannsson



**Verkalýðsfélag Vestfirðinga - verkvest.is**

Pólgötu 2, 400 Ísafirði - Opíð alla virka daga 8.00 - 16.00  
Sími 456 3190 - Fax 456 3113 - Netfang: postur@verkvest.is

Patreksfirði: Aðalstræti 5. Opíð 12 - 16  
Sími 456 2500 - Fax 456 2501 - Netfang: patro@verkvest.is

Hólmavík: Höfðagötu 3 - Opíð 14 - 16 - Sími 451 0080



# Verk Vest opnar þjónustuskrifstofu á Patreksfirði



Hrönn Árnadóttir nýr þjónustufulltrúi Verk Vest á Patreksfirði.

Verk Vest opnaði þjónustuskrifstofu á Patreksfirði í ágústmánuði. Engin skrifstofa hefur verið á vegum verkalýðshreyfingarinnar á Suðurfjörðum Vestfjarða frá því fyrir stofnun Verk Vest. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að því að ráða bót á því og nú hefur það tekist. Hrönn Árnadóttir var ráðin í hálf starf hjá Verk Vest til að þjónusta félagsmenn á svæðinu. Hrönn er ekki alveg blaut á bak við eyrun þegar kemur að störfum fyrir verkalýðshreyfinguna, því hún starfaði í fjölda ára hjá Verkalýðsfélagi Patreksfjarðar, eða til ársins 1998. Það má því segja að Hrönn sé komin heim aftur.

Hrönn hefur unnið við bókhaldsstörf undanfarin ár og er sú reynsla og þekking mikill fengur fyrir félagið. Auk þess að þjóna félagsmönnum á svæðinu sinnir hún bókhaldsstörfum fyrir skrifstofu stéttarfélaganna á Ísafirði. Verk Vest býður Hrönn Árnadóttur velkomna til starfa og vonast til að með ráðningu hennar tryggi félagið áframhaldandi gott samstarf við félagmenn og vinnuveitendur á suðursvæði Vestfjarða.

Þjónustuskrifstofan er til húsa í Aðalstræti 5 á Patreksfirði, netfang skrifstofunnar er [patro@verkvest.is](mailto:patro@verkvest.is) og opnunartími er alla virka daga frá klukkan 12.00 - 16.00. Þess má geta að ætlinin er að miðar í Hvalfjarðargöng verði einnig seldir á skrifstofunni, en fram að þessu hefur Landsbankinn séð um sölu fyrir Verk Vest.

## Hátt í 60 milljónir upp í launakröfur félagsmanna

Undanfarin misseri má segja að gjaldþrotahrina hafi dunið yfir félagsmenn á starfssvæði Verk Vest. Af þessu hefur leitt mikið álag á starfsmenn skrifstofu Verk Vest. Frá september 2010 til janúar 2012 komu þrjú stór gjaldþrotamál inn á borð félagsins auk sex umfangsminni gjaldþrotamála. Stærstu og erfiðustu málin voru gjaldþrot Eyrarodda á Flateyri og KNH á Ísafirði, vegna fjölda þeirra starfsmanna sem félagið aðstoðaði, við að innheimta launakröfur hjá þrotabúum fyrirtækjanna. Gjaldþrot TH á Ísafirði var einnig nokkuð stórt hvað launakröfur varðar. Þá eru ótalin minni gjaldþrotamál, þar sem félagið hefur gert kröfur í þrotabú fyrir hönd sinna félagsmanna.

Sá háttur hefur verið hafður á að félagið undirbýr og sér um alla útreikninga launakrafna sinna félagsmanna. Þetta er tímafrek rannsóknarvinna sem krefst mikils utanumhalds og eftirfylgni við skiptastjóra og síðar við Ábyrgðarsjóð launa. En sjóðurinn greiðir samkvæmt ákveðnum reglum upp í forgangskröfur, svo sem laun, orlof og lífeyrisiðgjöld, ef ekki er til fyrir þeim í þrotabú hins gjaldþrota fyrirtækis.

Alls hefur félagið innheimt hátt í 65 milljónir króna upp í launakröfur í umræddum gjaldþrotamálum fyrir félagsmenn á tímabilinu 2010-2012. Ábyrgðarsjóður launa greiddi hátt í 60 milljónir upp í þessar kröfur, þar sem ekki voru til fjármunir í þrotabúum fyrirtækjanna. Ástæða þess að sjóðurinn greiðir ekki alla kröfuna er að sjóðurinn tryggir eingöngu laun upp að 374.000 krónum á mánuði, sem er hámarksábyrgð launa

fyrir hvern mánuð og 599.000 kr. sem hámarksábyrgð áunninna orlofslauna. Uppæðir hámarksábyrgðar hafa ekkert breyst frá janúar 2009, sem skýtur skökku við, þar sem laun á almennum vinnumarkaði hafa hækkað um 13,75% á umræddu tímabili. Mætti því leiða að því líkum ef hámarksábyrgðir hefðu hækkað í takt við launahækkanir á umræddu tímabili að hámarksábyrgð launa hvern mánuð í dag ætti að vera kr. 425.500 og hámarksábyrgð orlofslauna ætti að vera kr. 681.400.

Miðað við gefnar forsendur hefðu félagsmenn Verk Vest sem störfuðu hjá fyrirtækjum sem fóru í gjaldþrot á umræddu tímabili ekki tapað eins miklum hluta launakrafna sinna hefðu hámarksábyrgðir hækkað í takt við launaþróun á almennum vinnumarkaði.

Það er krafa félagsins að stjórnvöld vinni að því í samvinnu við verkalýðshreyfinguna að hámarksábyrgðir Ábyrgðarsjóðs launa verði hækkaðar í takt við launaþróun svo að launafolk verði ekki fyrir enn meira fjárhagstjóni þegar fyrirtæki fara í gjaldþrot. Nóg er nú samt.



## Desemberuppbot 2012

Samkvæmt kjarasamningum ber atvinnurekendum að greiða starfsmönnum sínum desemberuppbot í byrjun desember ár hvert. Uppbótin er háð ákveðnum skilyrðum sem varða t.a.m. starfstíma og starfshlutfall á yfirstandandi ári. Desemberuppbot greiðist sem eingreiðsla, er föst krónutala og tekur ekki hækkunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamninga. Hér gefur að líta upphæðir desemberuppbotar fyrir árið 2012 hjá Verk Vest. Hægt er að kynna sér hvaða reglur gilda um greiðslu og útreikning desemberuppbotar á [sgs.is](http://sgs.is).

Almenni samningur milli SGS og SA	50.500 kr.
Starfsfólk á hótél og veitingastöðum	50.500 kr.
Samningur f.h. Ríkissjóðs og SGS	50.500 kr.
Samningur SGS og Launanefndar sveitarf.	78.200 kr.
Starfsfólk Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum	84.121 kr.
Samningur verslunar og skrifstofufólks	57.300 kr.
Vinnustaðasamningur Ísl. Kalkþörungafélagsins	67.882 kr.
Bændsamtok Íslands og SGS	50.500 kr.
Landsamband smábátaeigenda og SGS (beitningin)	50.500 kr.
Kjarasamningar iðnaðarmanna ( Samiðn )	50.500 kr.

## ASÍ-þing ályktar gegn svartri atvinnu og félagslegum undirboðum



Fulltrúar Verk Vest ásamt Guðbjarti Hannessyni velferðarráðherra á þingi ASÍ.

40. þing Alþýðusambands Íslands var haldið í október. Verkalýðs-félag Vestfirðinga átti 5 fulltrúa á þinginu, sem voru Finnþogi Sveinbjörnsson, Eygló Jónsdóttir, Finnur Magnússon, Sævar Gestsson og Ingvar Samúelsson. Einnig sótti þingið Halldór Óli Hjálmarsson formaður Félags járníðnaðarmanna á Ísafirði. Þingið fjallaði um kjaramál og stöðu verkalýðshreyfingarinnar. Gylfi Arnbjörnsson var endurkjörinn forseti ASÍ og Signý Jóhannesdóttir varaforseti.

Meðal þess sem þingið samþykkti var harðorð ályktun um svarta atvinnustarfsemi og félagsleg undirboð á vinnumarkaði. Í kjaramálanefnd þingsins hafði ekki verið lögð fram tillaga um málið, en eftir umræður í nefndinni varð til tillaga, sem lögð var fyrir þingið. Skemmst er frá því að segja að hún var samþykkt samhljóða af um 300 þingfulltrúum allstaðar af landinu. Í öllum megin atriðum má segja að ályktun þingsins tóni mjög við ályktun sem stjórn Verk Vest

sendi frá sér skömmu fyrr og vakti hörð viðbrögð ferðapjónustuaðila á Vestfirðum. Í ályktun ASÍ-þings segir:

*Mikilvægt er að verkalýðshreyfingin, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld sameinist um að beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi og kennitöluflakk, m.a. þar sem þeir sem standa að slíkri refsiverðri starfsemi verð dregnir til ábyrgðar og beittir þungum viðurlögum.*

*40. þing ASÍ telur mikilvægt að unnið verði gegn þeirri þróun sem átt hefur sér stað á undanförunum árum að fyrirtæki í samkeppnisrekstri komi sér undan þeim kjarasamningum, réttindum og skyldum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði með því að skrá fiskiskip og far-skip undir hentifánam erlendis eða flytja hér inn vinnuafli undir yfirskyni sjálboðavinnu og áhugamennsku. Þingið telur mikilvægt að Alþýðusambandið hafi frumkvæði að samstarfi aðildarfélaganna til að uppræta þessa tegund félagslegra undirboða.*



Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ ávarpar þingið.

## Svört atvinnustarfsemi, þjóðaríþrótt þar sem allir tapa!



Verkalýðshreyfingin og Samtök atvinnulífsins hafa ásamt skattayfirvöldum unnið að því undanfarin misseri að tryggja að svört atvinnustarfsemi verði tekin fastari tökum. Eins og staðan er í dag skortir þessa aðila heimildir svo hægt sé að taka á vandanum með markvissum hætti. Á meðan slík verkfæri skortir blómstrar svört atvinnustarfsemi sem

aldrei fyrr. Slíkt skekkir samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem fara að settum reglum á vinnumarkaði. Stjórn Verk Vest hefur bent á að slíkt ástand sé með öllu ólíðandi enda bitnar það á félagslegum kjörum starfsmanna. Í kjölfar umræðu um svarta atvinnu á stjórnarfundum félagsins í október var eftirfarandi ályktun samþykkt:

*Ferðapjónustan er talin vonarneisti í íslensku atvinnu- og efnahagslífi. Margt gott hefur verið gert til að efla ferðamennsku á landinu og hefur þessum atvinnuvegi vaxið mjög fiskur um hrygg undanfarin ár. Ferðamannaíðnaðurinn er farinn að velta milljörðum og skilar umtalsverðum tekjum inn í íslenskt samfélag. Því miður hefur ekki öllum virðisauka af þessari miklu aukningu í íslensku ferðapjónustu verið skilað í ríkiskassan. Skýrasta sönnun þess eru niðurstöður átaks sem verkalýðshreyfingin í samstarfi við atvinnulífið og skattinn hrundu af stað árið 2010. Rétt er að benda á að þar kom fram að ástandið væri einna verst á Vestfirðum. Hér blómstraði svört atvinnustarfsemi sem aldrei fyrr.*

*Ekki eingöngu skerðir slíkt háttarlag samkeppnismöguleika þeirra fyrirtækja sem vilja viðhafna eðlilega viðskiptahætti og fara að lögum og reglum, heldur virðast mörg ferðapjónustufyrirtæki líta á það sem eðlilegan þátt í rekstrinum að skjóta undan skatti. Slíkt verður að stöðva með öllum tiltækum ráðum.*

*Á árinu 2011 er talið að fyrirtæki sem ástunda svarta atvinnustarfsemi á Íslandi hafi skotið 14 milljörðum, 14.000 milljónum króna undan skatti. Slík upphæð dygði okkur Vestfirðingum til að byggja Dýrafjarðargöng, lagfæra veginn um Dynjandisheiði og brúa Þorskafjörðinn, samt yrði afgangur sem mætti nýta til að endurnýja úr sér gengin tækjabúnað á Landspítalanum. Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga hvetur nýskipaðan ráðherra efnahags- og fjármála til að beita sér fyrir landsátaki gegn svartri atvinnustarfsemi. Lögjafinn verður að útvega betri verkfæri til að taka á þeim fyrirtækjum sem verða uppvís að svartri atvinnustarfsemi. Svört atvinnustarfsemi er orðin að nýjustu þjóðaríþróttinni, vandinn er bara að í þeirri íþrótt „TAPA ALLIR“ og við sjálf mest.*

**Athugið! Enginn gerist sjálfkrafa félagi í stéttarfélagi. Tryggðu réttindi þín með skriflegri inngöngu í stéttarfélag. Hægt er að nálgast umsóknir á [www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)**

**Jafnaðarkaup er ekki til í kjarasamningum. Verktakar njóta ekki sama réttar og launafólk**



# Óbreytt staða í samningamálum sjómanna



Togaraflotinn í landi eftir Sjómannadaginn 2012. Ljós. Finnbogi Sveinbjörnsson.

Kjaradeila sjómanna og útgerðarmanna er í hörðum hnút. Frá því að kjarasamningum sjómanna og útgerðarinnar var vísað til ríkissáttasemjara síðasta vor, hefur lítið þokast í samkomulagsátt. Landssamband íslenskra útgerðarmanna hefur sett fram kröfur um breytingar á hlutaskiptakerfi sjómanna, sem gera ráð fyrir lækkun launa hjá sjómönnum. Sjómenn hafa á móti krafist þess að útgerðin bæti þeim upp sjómannaafsláttinn, sem lagður var af í áföngum á síðustu árum.

## LÍÚ hótar verkbanni - en hættir við

Eftir fund fulltrúa sjómannafélaganna og atvinnurekenda í lok október lýstu útgerðarmenn því yfir að viðræður við sjómenn væru árangurslausar og hótuðu að setja á verkban á sjómenn og leggja flotanum. Aðalfundur LÍÚ samþykkti að hefja undirbúning að atkvæðagreiðslu um verkban og Samtök atvinnulífsins veittu LÍÚ heimild til að afla umboðs frá aðildarfyrirtækjum til boðunar verkabanns. Samkvæmt lögum um stéttarfélag og vinnudeilur, er það skilyrði fyrir boðun verkabanns eða verkfalls, að samningaviðræður á vegum ríkissáttasemjara séu lýstar árangurslausar.

Þetta útspil útgerðarmanna fékk mjög neikvæð viðbrögð bæði frá sjómönnum og almenningi. Niðurstaðan varð sú að aðgerðum var aflýst, í bili. Stjórn LÍÚ tilkynnti á heimasíðu sinni 16. nóvember að atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um verkban í kjaradeilu útvegsmanna og sjómanna væri frestað. Var vísað til þess að staðan á erlendum mörkuðum væri óvenju viðkvæm um þessar mundir. Adolf Guðmundsson formaður LÍÚ ítrekaði að um væri að ræða frestun aðgerða og að kröfur útgerðarinnar um lækkun skiptahlutfalls til sjómanna standi áfram.

## Veidigjaldið notað gegn sjómönnum

Veidigjaldið sem alþingi samþykkti að hækka verulega, hefur blandast inn í kjaramál sjómanna. Útgerðarmenn mótmæltu hækkuð veidigjaldsins harðlega í júnímánuði og fengu marga sjómenn í lið með sér. Þá var flotanum haldið í höfn í mótmælaskyni dagana eftir Sjómannadag. Sjómannasamband Íslands sendi frá sér yfirlýsingu af því tilefni þann 9. júní, þar sem tekið var fram að sambandið sé ekki aðili að aðgerðum útvegsmanna gegn lögum um veidigjald. Þar sagði jafnframt:

*Í kröfugerð LÍÚ á hendur sjómönnum kemur fram hörð krafa um verulega lækkun á launum sjómanna óháð því hvort frumvarpið um veiðigjöld verður að lögum eða ekki. Auk þess hafna útvegsmenn alfarið að bæta sjómönnum þá kjaraskerðingu sem sjómenn hafa þegar orðið fyrir vegna afnáms sjómannaafsláttarins. Jafnframt eru einstaka útgerðarmenn að þvinga fram fækkun í áhöfnum skipa til að lækka launakostnað og telja þeir að þær aðgerðir komi sjómönnum eða samtökum þeirra ekkert við.*

Finnbogi Sveinbjörnsson formaður Verk Vest skrifaði af þessu tilefni:

*Eftir síðasta útspil útvegsmanna (LÍÚ) í kjarabaráttu sinni kom bersýnilega í ljós að ætlunarverk útvegsmanna er að takast. Það er að reka fleyg milli sjómanna og stéttarfélaga þeirra og fá sjómenn til stuðnings við útvegsmenn í baráttunni við að lækka skiptakjör til sjómanna. Ef marka má ummæli þeirra sjómanna sem fjölmiðlafólk ræddi við á Austurvelli í gær þá voru sjómenn mættir á Austurvöll til að sýna útgerðarmönnum samstöðu og til að verja eigin kjör. Margir þeirra sjómanna sem rætt var við voru mjög harðorðir gagnvart forustu sjómanna og stéttarfélaga sem þeir ásökuðu um að hafa ekki staðið við bakið á sjómönnum. Með þessu sannast að áróðursmaskína útvegsmanna virkar mjög vel.*

*Við núverandi aðstæður á vinnumarkaði hafa starfsmenn engan annan valkost en að taka undir með sínum atvinnurekanda af ótta við hugsanlegar afleiðingar. Starfsfólk mun verða fyrir fjárhagslegum skaða, fiskvinnslum verður lokað um lengri eða skemmri tíma vegna heimatilbúins hráefnisskorts, bónusar verða ekki greiddir í vinnslustöðvunum, sumarfrí sjómanna raskast og hver ber skaðann?*

*Við sjómenn vil ég segja þetta; helsta markmið útgerðarmanna í kjaraviðræðum var og er enn að lækka laun sjómanna burt séð frá öllu tali um veiðigjöld. Helstu kröfur LÍÚ alveg frá upphafi kjaraviðræðna í janúar 2011 voru og eru enn, að sjómenn taki enn meiri þátt í kostnaði útgerðarinnar. Þetta get ég fullyrt þar sem ég hef tekið þátt í kjaraviðræðum forustu sjómanna við LÍÚ og þekki því málin frá fyrstu hendi. Launlækkunum sjómanna ætla útvegsmenn að ná fram með breytingum á hlutaskiptakerfinu þannig að minna komi til skiptanna þegar hlutur skipverja í aflaverðmæti er reiknaður. Þessu hafa samtök sjómanna hafnað með öllu.*

# Verk Vest vinnur mál fyrir dómi: Fiskverðssamningar eingöngu lágmark

Þann 16. október var kveðinn upp dómur í máli Verkalýðsfélags Vestfirðinga fyrir hönd félagsmanns gegn Róðri ehf. á Bildudal. Skipverji á Höfrungi BA 60, sem er í eigu Róðurs ehf., taldi sig hafa verið hlunfarinn af útgerð skipsins og leitaði aðstoðar félagsins við innheimtu launakröfu fyrir sína hönd. Til grundvallar uppgjöri útgerðar til skipverja var fiskverðssamningur milli áhafnar og útgerðar, en heimilt er að gera slíkan samning samkvæmt ákvæðum kjarasamnings sjómanna hjá Verk Vest. *Ef útgerð selur aflann á markaði fyrir hærra verð, þá eiga skipverjar að fá það verð lagt til grundvallar hlutskiptum í launauppgjöri sínu, þrátt fyrir að slíkur fiskverðssamningur sé gerður.* Þessa túlkun Verk Vest staðfesti Héraðsdómur í dómsorði sem segir að fiskverðssamningur áhafnar og útgerðar eingöngu vera lágmark. Allt aflaverðmæti, sem er umfram fiskverðssamninginn þegar kemur að sölu aflans, skal koma til skipta

meðal áhafnar þegar aflahlutur er gerður upp. Þess má geta að dómurinn féllst á allar meginkröfur félagsins og var útgerðin dæmd til að greiða sjómanninum þau laun sem upp á vantaði, kr. 446.976 með dráttarvöxtum.



Fáni Verkalýðsfélags Vestfirðinga. Ljós. Guðmundur H. Gunnarsson.

## Smábátasjómenn samþykktu nýjan kjarasamning

Rétt fyrir miðnætti 29. ágúst voru undirritaðir kjarasamningar milli samtaka sjómanna annars vegar og Landsambands smábátaeigenda hins vegar. Með samningnum má segja að mikilvægur áfangi í réttindabaráttu smábátasjómanna hafi náðst. Í þessu samhengi er rétt að benda á að kjarasamningur sem var gerður í desember 2007 var felldur í atkvæðagreiðslu, þrátt fyrir að félagsmenn Verk Vest hafi samþykkt samninginn á sínum tíma. Enginn heildarsamningur hefur því verið í gildi fyrir þessa stétt sjómanna frá þessum tíma, þó svo að einstakar útgerðir á Vestfjörðum hafi gert samninga í nafni sinna útgerða við Verk Vest.

Atkvæði um nýjan kjarasamning smábátasjómanna voru talin hjá ríkissáttasemjara föstudaginn 5. október. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var ótvíræð. Meðal sjómanna fór atkvæðagreiðslan þannig að 64,3% sögðu já og 35,7% sögðu nei. Hjá Landsambandi smábátaeigenda samþykktu 74% þeirra sem greiddu atkvæði samninginn, en þáttaka hjá LS var 25%. Þetta er í fyrsta skipti sem samþykktur er kjarasamningur fyrir smábátaflotann á landsvísi. Ekki eru mörg ár síðan sjósókn á smábátum var nánast eingöngu bundin við einn mann á hvern bát og þá yfirleitt eigandann sjálfan. Nýi kjarasamningurinn er mikilvægur fyrir réttindi smábátasjómanna, þó svo einhverjir hafi ekki verið ánægðir með skiptakjör í samningnum. Verk Vest óskar smábátasjómönnum til hamingju með áfangann en minnir jafnframt á að í samningnum er eingöngu kveðið á um lágmarkskjör í greininni.



Smábátar við Ísafjarðardjúp á sjómanna dagssiglingu.



*Félag járníðnaðarmanna  
Ísafirði sendir  
félagsmönnum sínum og  
fjölskyldum þeirra bestu  
jóna- og nýjárskeðjur*



Texti og myndir: Guðrún Sigurðardóttir

# Sólskinsdagur á Hesteyri



Félagsmenn í Verk Vest fóru í skemmtiferð yfir á Hesteyri hinn 16. júní í sumar. Tuttugu manns tóku þátt í ferðinni. Siglt var með Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar frá Ísafirði til Hesteyrar og tók siglingin aðeins rúma klukkustund. Vel gekk að ferja fólk í land, en ekki var hægt að leggjast að bryggju þar sem útfiri var. Leiðsögumaður hópsins var Ísafirðingurinn Magnús Reynir Guðmundsson, sem fæddist á Hesteyri. Hann sagði sögur af lífinu á Hesteyri, lýsti búskapnum og þeim aðstæðum sem fólk bjó við fyrir um hundrað árum. Fjölmennt var í Sléttuhreppi í upphafi 20. aldar, en frá 1940 til 1950 fækkaði íbúum um 500 manns. Í þorpinu á Hesteyri bjuggu hátt í eitt hundrað manns, en það fór í eyði 1952. Þaðan voru sex hús flutt á brott, sum til Ísafjarðar. Um tíu hús eru enn í þorpinu og hafa þau flest verið gerð upp og eru notuð sem sumarhús. Á Hesteyri bauðst fólki að skoða Búðina, sem er í eigu fjölskyldu Magnúsar Reynis. Neðri hæð hússins þar sem verslun var rekin á fyrri hluta 20. aldar er svotil óbreytt og hlúð að sem friðað væri.



Már Óskarsson spáir í málin á pallinum á Læknishúsinu.

Þá var boðið uppá gönguferð umhverfis þorpið. Ekki fóru allir í þá ferð, því markmið sumra var að skoða söguvið metsölubókar Yrsu Sigurðardóttur *Ég man þig*, sem gerist á Hesteyri. Húsið sem um ræðir í bókinni á að hafa staðið gegnt Læknishúsinu handan árinna.



Glatt á hjalla í Læknishúsinu.



Við Búðina á Hesteyri.



Magnús Reynir leiðsögumaður hópsins er fæddur á Hesteyri.

Rúsínan í pylsuendanum var tófa sem gerði sig heimakomna á staðnum. Hún snikti mat af gestum og virtist óhrædd við mannfólkið.

Báturinn lagðist að bryggju rétt fyrir brottför og var lagt af stað heim á slaginu fjögur. Félagar Verk Vest héldu heim ánægðir með þessa afar skemmtilegu dagsferð.

Allir kváðu upp úr með að ferðin hefði verið skemmtileg og rómuðu Sófus bílstjóra og Rósu Karls fararstjóra fyrir góða samveru þessa helgi. Nú er bara spurningin: Hvert á að halda næsta sumar?



Rebbi gerði sig heimakominn og át úr lófa.



# Hólmadrangur stendur traustum fótum



Sigurlaug Stefánsdóttir trúnaðarmaður Verk Vest, Hafðís Gunnarsdóttir og Hjörtur Númason vélstjóri.

Rækjuvinnsla Hólmadrangs á Hólmavík er stærsti vinnustaðurinn í plássinu. Rækjuvinnsla stendur föstum rótum á staðnum, enda hefur rækja verið veidd á Húnaflóa um áratugaskeið, allt þar til fyrir nokkrum árum að hún var bönnuð. Menn gera sér vonir um að veiðar geti hafist á ný á næstu árum, en á meðan er hráefni fengið að bæði innanlands og erlendis. Starfsemi Hólmadrangs er í föstum skorðum. Þetta haustið hefur skortur á hráefni staðið vinnslunni nokkuð fyrir þrífum. Mestur hluti framleiðslunnar er unninn úr frosinni rækju sem kemur af fjarlægum miðum. Í fyrrahaust fékk Hólmadrangur stóran hluta af þeirri rækju sem veidd var í Ísafjarðardjúpi. Tiðindamaður Fréttablaðsins hittir starfsfólk Hólmadrangs nú í nóvember.



Kristján Páll Ingimundarson, Sigríður Drífa Þórólfsdóttir og Snorri Jónsson.

Á kaffistofu Hólmadrangs koma starfsmenn í hádegismat í tveimur hollum, því framleiðslan má ekki stöðvast. Unnið er á einn vakt frá átta á morgnana til hálfimm. Hádegismatur er snæddur á vinnustað. Í dag má velja á milli soðins sláturs og steiktra kalkúnasneiða, en einnig brauð, salat og grænmeti, ef menn vilja það frekar. Það er létt andrúmsloft á staðnum.



Jóhann Áskell Gunnarsson og Kristinn Sigurðsson.

Við tyllum okkur fyrst hjá Ulrik Thomsen, sem kemur frá Grænlandi. Hann hefur búið á Hólmavík í 11 ár. Ulrik vinnur í móttökunni og er sáttur við sitt. Hann hefur sótt fiskvinnslunámskeið á vegum Verkalýðsfélagsins, líkt og margir fleiri hjá Hólmadrangi.

Sigríður Drífa Þórólfsdóttir býr í sveitinni, í Tröllatungu. Hún er búin að vinna í Hólmadrangi samtals í fjögur ár, en fór í barnsburðarleyfi inn á milli. Hún er í þrífum. Byrjar seinnipartinn klukkan hálfimm og er til átta. Þau eru þrjú í þrífum. Sigríður Drífa er sátt við vinnutímann, segir hann henta henni vel. Þrífir eru þægileg, tækin eru meira og meira hönnuð þannig að það auðveldi þrífir og efnir eru betri en áður.

Kristján Páll Ingimundarson er heimamaður og hefur unnið í tvö ár í móttökunni. Hann segir launin þokkaleg, en mættu vera hærri. Vinnan getur verið erfið í móttökunni og reynir á skrokkinn. Það er afkastabónusinn, sem bætist ofan á taxtann, sem gerir gæfumuninn. Hann er góður huti launanna. Þeir í móttökunni skiptast á að mæta fyrr, um sjöleytið á morgnana, til að allt sé klárt klukkan átta.

Við hittum líka Snorra Jónsson vélstjóra. Hann vann hjá Hólmadrangi sem unglingur, en er nýkominn aftur, byrjaði sem vélgæslumaður í mars á þessu ári. Þeir eru 3 sem sjá um vélarnar og frystitækin. Vinnutíminn er misjafn, stundum þarf að gera við vélar og lagfæra eftir að vinnu lýkur seinnipartinn, þá getur lengst í vinnudeginum. Svo þarf að koma öllu í gang á morgnana.

Þau eru öll meðlimir í Verk Vest og segjast sátt við þjónustu félagsins. Starfsfólk skrifstofunnar fær sérstakar kveðjur fyrir gott viðmót og lipra þjónustu, þegar leita þarf upplýsinga. Þau eru ánægð með fræðslustyrkina, sem komust á fyrir nokkrum árum og orlofsíbúðirnar. Eini gallinn er að það eru ekki allir jafn heppnir þegar dregið er um orlofshúsin á sumrin. En það er góður kostur að geta leigt íbúð í Reykjavík allt árið um kring, þegar þörf er á.



Ulrik Thomsen.



Steinn Ingi Árnason og Ágústa Ragnarsdóttir.



Pétur Sigurðsson

Ljósmyndir: Rósa María Karlsdóttir

# Eldfjöll og Eyjar



Klukkan átta að morgni 16. ágúst var lagt upp. Dagurinn var tekinn snemma því löng leið var framundan. Ferðinni heitið að Skógum undir Eyjafjöllum, með viðkomu í Bjarkarlundi þar sem sex félagar af Suðurfjörðunum bættust í hópinn, sem þá taldi 33 félagar ásamt Sófusi bílstjóra.

Gamli Skjóni, Í-1941, undir öruggum akstri Sófusar skilaði okkur undir Eyjafjöllum kl. 19.00, sem var frábær frammistaða bílstjórans, því 5 pásur voru teknar á leiðinni og nesti borðað í skógarlundi nálægt Fellsenda í Döllum.

Hótel Skógar buðu fólki í hlaðborð með ýmsum krásum, vel útilátum. En lambið hafði haft stuttan tíma á steikarönnunni. Halli lék síðan létt lög á nikkuna, áður en fólk gekk til náða, því sjóferð til Eyja beið manna og heimsókn í hin stórkostlegu söfn að Skógum.

## Eldfjallasetrið

Á leið til skips í Bakkafjöru var komið við á Eldfjallasetrinu á Þorvaldseyri. Þar var sýnd kvikmynd um hamfarirnar þegar Eyjafjallajökull gaus og helli yfir fólk og fénað eimyrju og vikurösku, svo ekki sá mun á nótt og degi í langan tíma. Nálægð áhorfenda við myndina færði fólk ótrúlega nálægt vettvangi, svo hrikalegheitin virkuðu svo eftirminnileg, að jafvel þeir hörðustu felldu tár.



Myndin lýsti einnig samheldninni og hjálpseminni, þar sem björgunarsveitir og aðrir sjálfboðaliðar komu við sögu á förnfúsán hátt. Síðan var rakin uppbyggingin eftir gosið, því ekki var í huga fólksins að gefast upp. Mikið úrval af minjagripum var

þarna til sölu og fjárfestu margir í repjuolíu, sem er þeirrar náttúru að nota má bæði útvortis og innvortis.

## Sjóminjasafnið

Skipsferðin til Eyja var ljúf í logni og blíðu. Sjóveikir losnuðu við allan kvíða, þó margir stæðu úti á þilfari til öryggis, enda sáu menn þá betur fallega innsiglingu í höfnina með Ystaklett til hægri og til vinstri Elliðaey, Bjarnarey og síðan Nýjahraunið.



Áður en fólk var skipt á hótelin lá leiðin í Sjóminjasafnið, sem var einsdæmi á sínum tíma, ef ekki enn. Þarna syntu um í búrum þorskur, steinbítur, ýsa og ufsi, svo nefndar séu okkar bestu nytjafiskar. Merkilegt hvað steinbíturinn var kelinn þar sem hann nuddaði sér og hjúfraði sig upp að næsta félagi. Önnur reynsla en við kynntumst, sem stundað höfum veiðar á honum og minnumst þess hvernig þeir geta bitið, svo stígvél voru í hættu. Uppstoppaðir fiskar eru þarna upp um alla vegg, meðal annars steinbíts albinói. Ársæll skipstjóri ávarpaði þorskana þar sem þeir syntu um, því marga hefur hann dregið á land.

Dagurinn var síðan frjálst, til að líta í kringum sig og heimsækja búðir og kaffihús, að ekki sé nú talað um Mjólkurbúðina.





### Vestmannaeyjagosið

Laugardagurinn var tekinn snemma, því dagskráin var hlaðin. Á Kaffi Kró var horft á kvikmynd um gosið í Eyjum 1973. Baráttan við þessar hrikalegu náttúruhamfarir, flóttu fólksins sem flutt var í land með fiskibátum og þurfti að yfirgefa allar sínar eignir og heimabyggð með tvær hendur tómar. Síðan um þrautseigju Íslendinga við að takmarka skaðann, til dæmis með hraunkælingu, sem hvergi hafði áður verið reynd í heiminum. Þetta var í annað sinn sem við upplifðum hvað kikmynd getur haft mikil áhrif á fólk þegar nálægðin spilar stórt hlutverk og reyndar umhverfið einnig.



Næst var rútuferð um söguslóðir og ýmislegt bar við sjónir bæði frá sögulegum tíma og ekki síst afleiðingar gossins: Óhemju landvinningar með Nýjahrauni, hvernig höfnin breyttist í sannkallaða friðarhöfn, en hér áður fyrr höfðu eyjaskeggjar verið í stöðugum vandræðum og með kostnaðarsamar aðgerðir til að viðhalda henni.



Í jaðri Nýjahrauns er verið að gera tilraun með að grafa út hús sem fóru undir hraun. Talið er að þar séu um 300-400 hús. Þá yrði þetta íslenskt „Pompei“. Eftir frábæra rútuferð með góðum og mælskum leiðsögumanni var súpa á Kaffi Kró þegin með þökkum.

### Pysja og kofa

Bátsferð um höfnina tók síðan við og Eyjalög leikin á saxófón í Klettsvík. Mikið fuglalíf er þarna í klettunum. Ritan býr þar um sig á örlitlum klettastöllum, lundinn þar ofar í gróðrinum á bjargbrúninni og síðan sauðfé eyjaskeggja í gróðurrikum hlíðum Miðkletts og Heimakletts. Þetta eru sannkallaðar háfjallakindur.

Skipstjóri túristabátsins Vikings sagði að misjafnlega hefðust menn að. Lundapysjan væri í Eyjum heilagur fugl; allt gert til að koma henni til bjargar þegar hún villist á land. En á Vestfjörðum þar sem ungarnir kallast kofa, eru þeir veiddir og étnir.



Kynningin endaði síðan með heimsókn á Skansinn, þar sem konungur Íslands og Danmerkur lét reisa virki árið 1586, til að varna því að Englendingar ættu viðskipti við Eyjamenn. Þar stendur einnig umrædd stafkirkja sem Norðmenn gáfu okkur og Árni Johnsen fékk menn til að staðsetja þarna, því fyrsta kirkja á Íslandi hefði verið byggð í Vestmannaeyjum á sínum tíma. Hvaðan sem þeir hafa það.

Hátíðarkvöldverður var snæddur á Kaffi Kró. Þar lék 6 manna hljómsveit ótal Eyjalög: „Ég veit þú kemur ...“ og fleiri. Haraldur okkar tók síðan við á nikkuna sína og stóð sig ekki síður. Ánægjulegur og fróðlegur dagur var að kveldi.

Ferðin heim á sunnudag gekk að óskum. Gláðir ferðalangar, ánægðir eftir vel heppnaða samveru við bestu aðstæður voru mönnum efst í sinni. Eftir góða heimsókn í Litlu kaffistofuna, var lítið um tafir. Félagarnir af Suðurfjörðum voru kvaddir í Bjarkalundi með þakklæti fyrir samveruna og frábærum bílstjóra og Rósu fararstjóra þakkað við heimkomuna á Ísafjörð með fjórföldu húrráhrópi.

Q VATIS





# Vel heppnað námskeið um félagsleg réttindi



Verkefnavinna í góðum gir.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga stóð fyrir vel heppnuðu námskeiði um félagsleg réttindi á vinnumarkaði dagana 26 - 27. október. Á námskeiðinu, sem var haldið í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, var áhersla lögð á slit ráðningarsambands í sem víðustum skilningi. Grundvallarreglur sem gilda við uppsagnir voru skoðaðar, hverjir

njóta verndar við uppsögn og hvernig stéttarfélög taka á ólög-mætum uppsögnum. Námskeiðið var opið fyrir félagsmenn Verk Vest og var ágæt þátttaka nánast úr öllum starfsgreinum sem aðild eiga að félaginu. Góður rómur var gerður að námsefni, uppbyggingu námskeiðsins og þeim verkefnum sem lögð voru fyrir þátttakendur. Trúnaðarmaður sem sótti námskeiðið sagðist hafa lært meira um félagsleg réttindi á þessu eina námskeiði en á þeim trúnaðar-mannanámskeiðum sem áður hafa verið í boði. Kennari á námskeiðinu var Fjóra Pétursdóttir héraðsdómslögmaður, sem var fyrrum lögfræðingur Starfsgreina-sambands Íslands. Ljóst er af viðtökum þeirra sem tóku þátt í námskeiðinu að framhald mun verða á sambærilegu námskeiðahaldi hjá félaginu.



Fjóra Pétursdóttir hdl. leiðbeindi um réttindamálin.

# Sjómennt á flandri um landið



Fulltrúi frá fræðslusjóði sjómanna "Sjómennt" er á flandri um landið til að kynna fyrir sjómönnum ýmiskonar möguleika til náms, hvort heldur er starfstengt nám eða tómtundanám. Yfirskrift átakansins er „Ánægður sjómaður er betri starfskraftur“. Megin markmið Sjómenntar er að auka hæfni sjómanna með starfstengdu námi, en einnig að endurnýja þekkingu og þannig efla sjómenn í starfi. Sigríður Kristinsdóttir hefur verið ráðin í átaksvirkefni fyrir sjóðinn sem felst í því að kynna þá námsmöguleika sem eru í boði og hver réttur sjómanna er til náms- og tómtundastyrkja hjá sjóðnum. Kynningarnar eru ýmist haldnar um borð í skipum eða hjá fræðslumiðstöðvum víða um land. Kynningafundirnir eru í nánu samstarfi við útgerðir og stéttarfélög sjómanna enda báðir aðilar



Páll Pálsson ÍS-102. Ljós. Finnboði Sveinbjörnsson.

að sjóðnum. Mjög vel var mætt á kynningarfund fyrir áhöfnina á Páli Pálssyni ÍS frá Hnífsdal sem haldinn var hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða fyrir skömmu, en ætlunin er að vera með fleiri kynningar hjá útgerðum og áhöfnum á félagssvæði Verk Vest nú fyrir jól.

*Sparisjóður Strandamanna  
sendir viðskiptavinum sínum  
jóna- og níjárskevðjur!*





# Góður gangur í fiskvinnslunámskeiðum



Starfsfólk Odda á fiskvinnslunámskeiði.

Kjarasambandsbundin fiskvinnslunámskeið á félagssvæði Verk Vest eru í góðum farvegi undir styrki stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Vel hefur tekist til og er gott samstarf við fiskvinnslufyrirtæki um tilhögun námsins. Byggist það á því að setja upp styttri námsþætti með skömmum fyrirvara ef upp koma dauðir dagar í vinnslunum. Ekki er að heyra annað á þeim sem sótt hafa námskeiðin, en að þetta fyrirkomulag leggist vel í mannskapinn í stað þess að sitja heila viku samfleytt á skólabekk. Nú eru í gangi námskeið á þrem stöðum, hjá fiskvinnslu Odda á Patreksfirði og Þorsbergs á Tálknafirði, annað á Ströndum hjá Drangi á Drangnesi og loks það þriðja hjá Fiskvinnslunni Íslandssögu á Suðureyri. Þá hafa blönduð námskeið verið haldin í húsnæði Fræðslumiðstöðvarinnar á Ísafirði. Ágætlega hefur gengið að sinna kennslu á öllum stöðum, þrátt fyrir miklar vegalengdir og rýsjótt veður á köflum síðustu vikur.



Fisvinnslunámskeið á Patró.

Á námskeiðinu á Patreksfirði er stór hluti þátttakenda af erlendum uppruna. Flestir þeirra koma frá Póllandi, en einnig er nokkur hópur frá Portúgal. Því miður er íslenskukunnátta þeirra takmörkuð og því nauðsynlegt að nýta túlk við kennsluna. Það hefur gefist mjög vel, þó svo að óska staða væri að stærra hlutfall af þeim sem eru af erlendu bergi og búa hér og starfa, hefðu náð betri tókum á íslenskunni. Vonir standa til að námskeiðahaldi á Patreksfirði ljúki fyrir áramót, en reynt hefur verið að nýta hráefnislausu daga í vinnslunni til kennslunnar.



Starfsfólk Drangs á fiskvinnslunámskeiði.

## Trúnaðarmannanámskeið Verk Vest: Mikilvægur liður í starfi félagsins



Sigurlaug Stefánsdóttir trúnaðarmaður Verk Vest hjá Hólmaðrangri ásamt félögum.

Verk Vest hélt trúnaðarmannanámskeið í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu í húsnæði félagsins á Ísafirði í októbermánuði. Auk trúnaðarmanna félagsins tóku þátt í námskeiðinu trúnaðarmenn frá Fos-Vest. Leiðbeinendur komu frá ASÍ og Virk starfsendurhæfingarsjóði en á námskeiðinu var aðaláhersla lögð á samspil kjarasamninga og trygginga, starfsendurhæfingu og vinnueftirlit. Þetta var þriggja daga námskeið, sem er hluti af kjarasambandsbundinni fræðslu trúnaðarmanna. Námskeiðinu lauk á verklegum æfingum í því sem reynist oft erfitt á fundum eða öðrum samkomum, en það er að standa upp og tala. Þátttakendur komu víðsvegar að af félagssvæðinu, þar á meðal voru þrír trúnaðarmenn sem komu frá Hólumvík. Verk Vest sendir trúnaðarmönnum sínum baráttukveðju um leið og þeir eru hvattir til að vera áfram öflugir tengiliðir vinnustaðar og stéttarfélags.



Trúnaðarmenn Verk Vest og Fos Vest á námskeiði.

## Samningar félagsins

Verkalýðsfélag Vestfirðinga á aðild að kjarasamningum fyrir landverkafólk, verslunar- og skrifstofufólk, sjómenn, byggingamenn, vélstjóra í frystihúsum og verksmiðjum, starfsfólk á veitinga-, gisti-, þjónustu- og greiðasölustöðum, starfsfólk sveitarfélaga, ríkis, t.d. starfsstúlkur á heilbrigðisstofnunum og starfsmenn vegagerðarinnar. Þá hefur félagið gert séstakan samning um kjör starfsmanna Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum, auk samninga við einstök fyrirtæki um afmarkaða þætti s.s. vaktavinnu.

Hægt er að skoða tiltæka kjarasamninga á heimasíðu félagsins, [verkvest.is](http://verkvest.is), undir flípanum Kjaramál til vinstri á síðunni og þaðan með því að smella á Kjarasamningar eða á Kaupgjaldsskrár. Hvort tveggja er hægt að prenta út eða vista í tölvunni hjá sér.

# „Hugsunin hefur ekkert breyst“

Viðtal við Hjörleif Guðmundsson fyrrverandi formann Verkalýðsfélags Patreksfjarðar og framkvæmdastjóra Fiskmarkaðar Patreksfjarðar



Fulltrúar á ASV-þingi 1973.

Það er líflegt á Fiskmarkaði Patreksfjarðar einn morgundag í nóvember. Það er bátur að landa og fiskikör á leið inn og út af markaðnum. Ísframleiðslan malar og það er renneri á kaffistofunni. Þar er bleksterkt kaffi á boðstólum og ekki amast við mönnum þó þeir syndgi eitthvað á tóbaksvarnarlögnum. Hér ræður ríkjum Hjörleifur Guðmundsson, Patreksfirðingur í húð og hár. Hann var formaður Verkalýðsfélags Patreksfjarðar í 15 ár og þekkir betur en flestir sögu atvinnumála, stjórn mála og verkalýðsmála í sinni heimabyggð. Fréttablað Verk Vest settist niður með Hjörleifi og fékk hann í stutt spjall.

## Baldinn krakki

„Ég var nú frekar baldinn krakki og held að það hafi átt sinn þátt í því að pabbi tók mig með á skak á sumrin þegar ég var ekki nema 8-9 ára gamall. Pabbi átti trillu, svona 4 tonn, sem hann reri á sumrin og tók mig með. Þetta var góður tími í minningunni og gamli maðurinn fræddi mig um miðin á Patreksfjarðarflóanum og örnefnin, sem festust í mér allt frá þessum tíma.“

Hjörleifur Guðmundsson er fæddur á Patreksfirði 10. mars 1948. Foreldrar hans voru Guðmundur Sigurðsson smiður og sjómaður á Patreksfirði og kona hans Hjördís Þórarinsdóttir húsmóðir. Þau bjuggu áður á Sellátranesi utan við Örlygshöfn, en fluttu til Patreksfjarðar árið 1940. Hjörleifur er yngstur þriggja bræðra, svo á hann fjórar systur þar af eina eldri. „Einnig voru föðurafi og amma á heimilinu, þannig að þetta var stórfjölskylda eins og nú er sagt. Nóg að gera fyrir alla, sem eitthvað gátu, meðal annars að líta eftir yngri systkinunum. Á þessum tíma var alsíða að krakkar væru sendir í sveit á sumrin.

Á því hafði ég áhuga svona rétt eins og félagarnir sem komu þaðan forframaðir. Höfðu jafnvel fengið að keyra traktor og ýmislegt fleira, sem ekki bauðst uppá heima. En pabbi tók mig með á sjóinn, taldi það ábyggilega heppilegra og trúlega hef ég gert eitthvað gagn.“

„Þegar ég var 11 og 12 ára var ég svo sendur í sveit til Magnúsar og Málfríðar í Langabotni í Geirþjófsfirði. Þau voru mér ákaflega góð og þaðan á ég bara góðar minningar. Á þessum árum, þegar ég var að alast upp, voru fjölmargir hér á Patreksfirði með búskap meðfram launavinnu. Foreldrar mínir voru með 30-40 kindur á föðrum og 1-2 kýr. Þau eignuðust hús hér inn á Geirseyri sem nefnist Hliðskjálfi og því fylgdu útihús. Það kom einhversstaðar fram í opinberum skýrslum að stærsti bústofninn í allri sýslunni var í kaupútinu á Patreksfirði. En eigendurnir voru margir.

Það var mikil trilluútgærd á Patreksfirði á sumrin. Menn sóttu út á Patreksfjarðarflóann og mikið hér út af Víkunum. Miðin voru allt frá Kóparífi og suður að Látraröst. Aflinn var lagður upp hjá fiskvinnsluhúsunum hér á Patreksfirði. Þar var líka fyrsta sumarvinnan mín, þegar ég var innan við fermingu, við að skera af skreið. Það þurfti að skera böndin af skreiðinni þegar hún var tekin niður og svo var henni pakkað.“

Hjörleifur gekk í Barna- og unglingskólann á Patreksfirði eins og önnur börn fram til 14 ára aldurs. Margir fóru þá á héraðsskólann á Núpi eða suður í Reykholt, en Hjörleifur fór beint á sjóinn.

„Ég var hérna á snurvoðarbátunum á Patreksfirði. Og svo fór ég í Iðnskólann hér á Patreksfirði sem starfaði á veturna. Ég fór í vélvirkjun og var þrjá vetur, en það varð aldrei úr að ég færi á samning, svo það varð ekkert meir. Ég hafði í huga að fara á Stýrimannaskólann



í Reykjavík, en svo drabbaðist það upp einhvern veginn. Hugurinn var flóktandi á þessum árum og ég vildi ekki binda mig.“

### Sextán ára á togaranum Karlsefni

„Þegar ég var 16 ára réð ég mig á togaranum Karlsefni frá Reykjavík. Hann var í siglingum og landaði í Bretlandi og Þýskalandi. Það kom þannig til að ég var um sumarið á snurvoð með Birni Björnssyni skipstjóra, miklum sómamanni. Vélstjóri hjá okkur var Haraldur Guðbrandsson og hann réð sig svo á Karlsefni. Ég tók af honum loforð um að hafa mig í huga ef það losnaði kyndarapláss á togaranum. Síðar um sumarið, þegar við vorum í landi, kom pabbi með skilaboð um að hringja í Harald. Pabbi spurði mig hvað ég vildi gera og með samþykki foreldra minna fékk ég að ráða mig á togaranum. Þeir voru nú eitthvað búnir að tala saman pabbi og Haraldur, því hann tók mig undir sinn verndarvæng og fylgdist með mér meðan ég var þar.“

Ég var langyngstur um borð, 16 ára. Sá sem var næstur var sex árum eldri. Karlarnir hugsuðu vel um mig og voru mér mjög hjálplegir. Skipstjórinn var úr Bolungarvík, Einar Jónsson, og það voru margir Víkarar í áhöfninni. Svo voru auðvitað togaramenn úr Reykjavík. Þeir reyndust mér sannarlega vel, þeir voru sjálfum sér vestir. Þetta var á þeim árum, upp úr 1960, þegar erfitt var að manna togarana og stundum þurfti að smala út af veitingahúsinu Röðli, til að komast á sjó.

Karlsefni var síðutogari, einn af nýsköpunartogurum. Hann var með gufuvélar sem voru kyntar með svartolíu. Það þurfti stöðuga vakt á vélnar og það var mikil reynsla að vinna við þetta. Útgerðin var í eigu Geirs Thorsteinssonar og Ragnars sonar hans, sem sá um framkvæmdastjórnina. Þetta var mikil myndarútgerð hjá þeim Thorsteinssonfeðgum og vel gert við mannskapinn. Við fengum til dæmis aukaúttekt í gjaldeyri þegar við sigldum, því gjaldeyrisskamturinn var svo naumt skamtaður; 35 pund í Englandi og 410 mörk í Þýskalandi, til að kaupa gjafir og nauðsynjavörur fyrir heimilin, út á reikning útgerðarinnar. Það var svo gert upp þegar heim kom. Við sigldum mest á Cuxhafen í Þýskalandi og Grimby á Englandi. Þetta var mikil reynsla fyrir ungan mann.

### Í stjórn Verkalýðsfélagsins í 20 ár

Eftir áramótin fór ég svo heim og var í lönskólanum um veturinn. Um þetta leyti var togarútgerðin að leggja upp laupana hér á Patreksfirði. Næstu árin var ég á bátunum hér á Patreksfirði, síðast á Dofra 1968-1969. Eftir það fór ég í land og var að beita í nokkur ár. Þá var ég búinn að stofna fjölskyldu og byrjaði svo fljótlega í verkalýðsmálunum og svo fylgdi pólitíkin með.“

Kona Hjörleifs er Sigrún Sigurðardóttir, Skagfirðingur að ætt og uppruna. Þau eiga einn fósturson, Ægi Þór, sem býr á Patreksfirði.

„Fljótlega eftir að ég kom í land var ég fenginn til að koma inn í stjórn Verkalýðsfélagsins. Það voru þeir Marteinn Jónsson þáverandi formaður og Gunnlaugur Kristófersson fyrrverandi formaður félagsins, sem drögu mig eiginlega inn í þetta. Einhverja trú höfðu þeir á að ég gæti tekið þetta að mér. Ég var fyrst varaformaður í fimm ár og tók svo við formennskunni af Martreini árið 1977 og sinnti henni í 15 ár. Gunnlaugur Kristófersson ýtti á mig bæði í pólitík og verkalýðsmálum, sem var nokkuð merkilegt, því að hann var Framsóknarmaður, framundur þetta að mér skildist, en ég var alltaf vinstri maður. Marteinn Jónsson var mjög hógvæð maður og traustur. Hann var áður togarasjómáður og síðar fiskmatsmaður. Marteinn var einarður verkalýðssinni, en það var ógreinilegt hvar hann var nákvæmlega í flokki. Þessir tveir voru aðallega á bak við það að ég fór inn í stjórn Verkalýðsfélagsins.“

### Varaþingmaður neitaði að taka sæti á þingi

„Um sama leyti var fólk hér á Patreksfirði að bjástra við að koma upp lista við sveitarstjórnarkosningarnar vorið 1970. Það var



Hjörleifur og Lilja Rafney Magnúsdóttir á þingi ASV í Flókalundi 1988.

kallaður listi óháðra. Við kunnum auðvitað ekkert til þessara verka. Ég leitaði þá til Hannibals, sem var þá búinn að stofna nýjan flokk, Samtök frjálslyndra og vinstri manna, og hann aðstoðaði okkur á allan hátt. Þetta var hópur sem vildi endurnýjun í hreppsmálum, en hafði næstum enga reynslu.

Eftir þetta varð ég mikill stuðningsmaður og aðdáandi Hannibals og bast vináttuböndum við hann og fjölskyldu hans. Síðar þegar Hannibal hætti á þingi og settist að í Selárdal, þar sem hann varð oddviti og sýslunefndarmaður fyrir Ketildali, gisti hann oft hjá okkur Sigrúnu hér á Patreksfirði, ef hann var á ferðinni.“

Kynninn af Hannibal Valdimarssyni forseta Alþýðusambands Íslands og alþingismanni urðu til þess að Hjörleifur tók sæti á framboðslista Samtaka frjálslyndra og vinstri manna í alþingiskosningunum árið 1971. Samtökin voru þá nýlega stofnuð og buðu fram í fyrsta sinn.

„Hannibal fékk mig til að koma á fund norður á Ísafjörð. Það kom varðskip og sótti okkur nokkra fulltrúa inn á Tálknafjörð. Þegar báturinn kom að taka okkur, byrjaði skipið að flauta og það gekk mikið á að flýta okkur út í varðskipið. Það hafði nefnilega komið tilkynning um að kviknað væri í frystihúsinu á Suðureyri. Varðskipið setti á fulla ferð til Súgandafjarðar og setti okkur þar á land. Þá hafði Einar Hafberg á Flateyri útvegað bát, sem kom og sótti okkur inn á Suðureyri og flutti okkur til Bolungarvíkur. Þar var mættur niður á höfn Valdimar Lúðvík Gíslason, sem ók okkur á fundinn inn á Ísafjörð.“

Þarna átti að ákveða framboð fyrir Samtökin í Vestfjarðakjördæmi. Valdimar Lúðvík segir okkur þær fréttir, að allt sé komið upp í loft hjá Hannibalistum í Reykjavík vegna uppstillingarinnar þar. Talað hafði verið um að Ólafur Hannibalsson leiddi listann á Vestfjörðum, en nú var öllu breytt. Niðurstaðan varð sú að Hannibal kom vestur og leiddi listann, en Karvel Pálmason verkalýðsformaður í Bolungarvík var í öðru sæti. Þá kom Hjördis Hjörleifsdóttir húsmæðrakennari á Ísafirði og svo í 4. sæti, var ég, sem fulltrúi ungu kynslóðarinnar.“

Eins og margir muna vann Hannibal stórsigur í kosningunum 1971 og dró Karvel með sér inn á þing. Hjörleifur var því orðinn annar varaþingmaður Samtaka frjálslyndra og vinstri manna í Vestfjarðakjördæmi. Árið eftir fór Hjördis Hjörleifsdóttir um tíma inn á þing sem varamaður í fjarveru Hannibals, sem þá var félagsmálaráðherra. Þar hélt hún eldmessu yfir þingmönnum, sem fræg varð. Næsta ár þurfti Hannibal aftur að sinna einhverjum erindum til Norðurlandanna sem ráðherra.

„Þá hafði hann samband og vildi endilega að ég kæmi inn á þing



25. þing ASV Ísafirði 1983.



27. þing ASV Flókalundi 1988.



28. þing ASV 1990. Hjörleifur þingforseti.

fyrir sig. Vildi að ungur maður einsog ég fengi þarna tækifæri. En ég var nú frekar lítið búinn undir það... eða hvort ég treysti mér ekki. Allavega þá afþakkaði ég gott boð. Ég settist því aldrei inn á þing og er svosem alveg sáttur við það.“

Hjörleifur var þó ekki hættur afskiptum af stjórnmálum. Hann sat í bæjarstjórn Patreksfjarðar um margra ára skeið. Og ekki þrætir hann fyrir að hann sé enn aktífur á bak við tjöldin, þegar kemur að kosningum, hvort heldur er til sveitarstjórnar eða alþingis.

### Formaður í fimmtán ár

Hjörleifur tók við formennsku í Verkalýðsfélagi Patreksfjarðar árið 1977. Þá hafði hann verið varaformaður frá árinu 1972. Hjörleifur stýrði félaginu samfellt til ársins 1991. Okkur langar að vita hvað var minnisstæðast frá þessum tíma?

„Jú, það var þetta eilífa samningastapp. Það var mikill óstöðugleiki vegna dýrtíðar og sífellt verið að semja bæði fyrir sjómenn og verkafólk. Á þessum árum voru allir samningar á vegum Alþýðusambands Vestfjarða og félögin innan þess höfðu yfirleitt samflot.

Verkalýðshreyfingin setti líka fram pólitísk baráttumál á þessum tíma; jöfnun símakostnaðar, jöfnun húshitunar og rafmangs, allt kom þetta inn í samningamálin. Samningar sjómanna voru betri hérna hjá okkur heldur en annarsstaðar á landinu, en samningar verkafólks svipaðir. Vestfjarðafélögin voru þó einna fremst í landinu í launahvatasamningum eða bónusnum. Alþýðusamband Vestfjarða gegndi miklu hlutverki og sinni sameiginlegum málum félaganna, bæði samningum, lífeyrismálum og byggingu orlofshúsa.

Það var mikil vinna á þessum árum. Það var nógur fiskur. Og það varð að flytja inn vinnuafll, stúlkur frá Ástralíu og Suður-Afríku. Sumar urðu eftir, aðrar tóku með sér pílta út aftur.

Samskiptin við atvinnurekendur voru yfirleitt mjög góð. Menn

**„Afskipti mín af verkalýðsmálum hafa gefið mér mjög mikið og ég tel mig hafa lært mest og best í samskiptum mínum við menn beggja megin borðsins.“**

gat greint á, en reyndu að jafna það, þannig að báðir aðilar kæmu standandi niður. Fulltrúar atvinnurekenda voru yfirleitt sprotnir úr sama umhverfi og forystumenn verkalýðsfélaganna. Þeir þekktu aðstæður og höfðu unnið sömu störf á sjó og í landi.

Ég get sagt eina sögu í því sambandi, sem höfð er eftir Guðlaugi Þorvaldssyni ríkissáttasemjara. Fyrstu afskipti hans af kjaradeilum voru hér fyrir vestan. Þá var hann varasáttasemjari við hlið Torfa Hjartarsonar og sendur vestur til að stýra sjómannasamningum útgerðarmanna og ASV. Það kom honum mjög á óvart, að þegar hann kom inn í fundarsalinn þurfti hann dágóðan tíma til að átta sig á því hverjir væru fulltrúar útgerðarinnar og hverjir voru frá verkalýðsfélagunum. Þetta sagði manni mikið.“

Hjörleifur Guðmundsson hefur síðustu ár verið framkvæmdastjóri Fiskmarkaðar Patreksfjarðar. Verkalýðsformaðurinn er því orðinn atvinnurekandi. Við máttum til að spyrja hann, hvernig það væri að vera hinum megin borðsins?

„Ja, hugsunin hefur ekkert breyst. Þú getur verið viss um það. Annars er betra að þú spyrjir starfsfólkið um það,“ segir Hjörleifur og brosir út í annað. „Afskipti mín af verkalýðsmálum hafa gefið mér mjög mikið og ég tel mig hafa lært mest og best í samskiptum mínum við menn beggja megin borðsins.“

Það er ljóst af spjalli okkar við Hjörleif að afstaða hans til manna og málefna hefur ekkert breyst frá því hann stóð í stafni Verkalýðsfélags Patreksfjarðar og vann að því að tryggja kjör sjómanna og verkafólks á Vestfjörðum.



Fanney Pálsdóttir

# Starfsánægja og líðan á vinnustað

Sem starfsendurhæfingarráðgjafi hef ég oft leitt hugann að því af hverju fólk velur sér þann vinnustað sem það vinnur á. Við eyðum stórum hluta af okkar tíma í vinnunni og við eigum rétt á að líða vel á okkar vinnustað og vera ánægð í starfi. Komið hafa til mín þátttakendur í starfsendurhæfingu sem hefur liðið mjög illa á sínum vinnustað. Starfsmenn sem telja sig ekki eiga kost á að snúa aftur til starfa á sinn fyrri vinnustað, þar sem samstarfsfólk hefur ekki sýnt þeim sjálfsagðan skilning og kurteisi og oft er um hreint einelti að ræða. Ég hef því spurt sjálfa mig að því hvað sé að í samfélaginu. Við erum með áætlanir innan okkar skólakerfis að kenna börnunum okkar kurteisi, góða framkomu og forðast einelti og því ættum við sem fullorðin fólk að sýna gott fordæmi, senda skýr skilaboð inn á vinnustaðina.

Sem betur fer erum við ólík, mannflóran væri ekki skemmtileg ef við værum öll eins og það er hluti af þroska okkar sem mannvera að umbera ólíkar skoðanir fólks. Ég er ekki viss um að allir átti sig á því hve gríðarleg áhrif einelti getur haft á heilsufar fólks. Sjálfsmynd þessara einstaklinga er mölbrotin og oftast en ekki eru líkamleg einkenni í kjölfar andlegarar vanlíðunar sem hindra atvinnuþátttöku. Vinnuþátttöku kostar vinnumarkaðinn og samfélagið í heild gríðarlega fjármuni í formi veikindalauna, lækniþjónustu og endurhæfingar.

En hvað getum við gert til að hindra einelti á vinnustaðum og bæta starfsánægju og starfsumhverfi? Jú, við getum sem einstaklingar lagt okkar af mörkum með því að sýna samstarfsfólki okkar skilning, minnka dómhörku okkar og leyfa hverjum og einum að njóta sín eins og hann er. Það þurfa ekki allir að vera eins.

Að bjóða samstarfsmanni góðan daginn með bros á vör, getur

## Greiðsluskylda til Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs lögfest

Samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi í júní síðastliðnum (breyting á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða) þá ber öllum launagreiðendum að greiða 0,13% af heildarlaunum allra starfsmanna sinna til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs frá og með 1. september 2011 (miða skal við iðgjaldastofn septembermánaðar 2011). Fram að þessum tíma hefur einungis verið kveðið á um greiðsluskyldu í kjarasamningum en nú nær hún til allra launamanna samkvæmt lögum þar með talið til sjálfstæðra atvinnurekenda og þeirra sem ekki eru félagsmenn stéttarfélaga.

Launagreiðendum ber að standa skil á iðgjaldinu til viðkomandi lífeyrissjóðs með sama hætti og gildir um lífeyrisiðgjald og munu lífeyrissjóðir síðan ráðstafa gjaldinu til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs.



Fanney Pálsdóttir starfsendurhæfingarráðgjafi VIRK hjá stéttarfélagunum á Vestfjörðum.

breytt miklu fyrir þann sem líður illa í sínu vinnuumhverfi. Það getur jafnvel minnkað kvíða sem viðkomandi hafði fyrir því að mæta til vinnu. Að hlusta með athygli á frásögn starfsfélaga án þess að grípa inn í eða setja út á orð hans getur líka skipt máli fyrir sjálfsálit viðkomandi. Að leiðbeina eða svara fyrirspurnum með kurteisi og skilningi gefur mun betri samskipta- og samningsgrundvöll innan þíns vinnustaðar.

Hvernig væri að skoða hvernig þú kemur fyrir á þínum vinnustað. Býður þú góðan daginn með brosi? Hvernig eru samskipti þín við samstarfsfólk þitt? Höfum í heiðri að aðgát skal höfð í nærveru sálar. Vinnu gegn einelti á vinnustaðum.



## Framtíðarreikningur vex með barninu

Framtíðarreikningur Íslandsbanka er verðmæt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til barnið verður 18 ára og ber hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans hverju sinni.

Með því að stofna Framtíðarreikning í nafni barns safna ástvinir fyrir það í sjóð sem getur seinna meir orðið ómetanlegt veganesti út í lífið.

**Þú finnur sérfræðinga í sparnaði í þínu útibúi.**

Við bjóðum  
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki



Texti og myndir: Guðrún Sigurðardóttir

# Fjölskyldudagur Verk Vest í sólskini og blíðu í Raggagarði



Hátt á annað hundrað manns tók þátt í fjölskyldudegi Verk Vest í Raggagarði í Súðavík laugardaginn 30. júní. Farið var í stórfiskaleik, limbó og fleiri hópleiki undir styrkri stjórn hjónanna Jóhönnu Rúnarsdóttur og Eiríks Ragnarssonar. Þá spilaði súðvíska hljómsveitin The Cutaways ásamt hjónunum Michelle og Eggert Nielson. Grilluðum pylsum og gosi voru gerð góð skil og smáfólkið fékk blöðrur að leika sér með. Naut fólk samverunnar í þessari einmuna blíðu, sem líklega var einn heitasti dagur sumarsins. Meðfylgjandi myndir tók Guðrún Sigurðardóttir starfsmaður Verk Vest í sumar.









# Ófremdarástand í pósthjónustu á Vestfjörðum



Stjórn Verk Vest fundar í Félagsbæ á Flateyri.

Ófremdarástand sem ríkir í póstsamgöngum innan Vestfjarða. Í dag getur tekið allt að viku að senda bréf eða pakka með pósti t.d. milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar, enda er allur póstur á Vestfjörðum nú flokkaður í Reykjavík.

Í dag búa Vestfirðingar við verri póstsamgöngur en var á tímum landpóstanna um aldamótinn 1900, en þá var póstur að minnsta kosti flokkaður í heimabyggð. Verkalýðsfélag Vestfirðinga krefst þess að Innanríkisráðherra bregðist við þessari óheillaþróun og krefji Íslandspóst um skýringar, sérstaklega í ljósi þess að pósthúðargjöld hafa hækkað um tugi prósentu á mjög skömmum tíma. Það er krafa Vestfirðinga að póstsamgöngur innan fjórðungs verði komið í betra horf enda eru góðar póstsamgöngur ein af undirstöðum hvers samfélags.

Á stjórnarfundum Verkalýðsfélags Vestfirðinga sem var haldinn á Patreksfirði 6. október var samykkt eftirfarandi ályktun vegna skertrar pósthjónustu á Vestfjörðum. Umfjöllun um þessi mál varð í kjölfar tilkynningar Íslandspósts um lokun afgreiðslustöðva á Bildudal og Flateyri.

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga harmar þá ákvörðun Íslandspósts að loka póstafræðslum á Bildudal og Flateyri. Slík ákvörðun hefur ekki eingöngu áhrif á hjónustu við íbúa, heldur skerðir ennfrekar möguleika fyrirtækja á Flateyri og Bildudal til að nýta póstsamgöngur í eigin atvinnurekstri. Þá skal einnig bent á það

## ASÍ skoðar málshöfðun á ríkissjóð



Frá þingi ASÍ 2012.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands vill að sérstakur skattur á lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnumarkaði verði afnuminn og mótmælir harðlega áformum ríkisstjórnarinnar um að ganga enn

og aftur gegn fyrirheitum um að afnema þennan skatt. Umrædd skattlagning lendir einungis á lífeyrisréttindum fólks á almennum markaði þar sem ráðherrar, alþingismenn og þeir opinberu starfsmenn, sem aðild eiga að opinberu lífeyrissjóðunum, njóta ábyrgðar ríkis og sveitarfélaga. Af þeirri ástæðu var þetta mikið deilumál milli Alþýðusambandsins og ríkisstjórnarinnar í lok síðasta árs, sem leiddi til þess að oddvitar stjórnarflokkanna gáfu fyrirheit um að séð yrði til þess að álagning þessa skatts hefði ekki áhrif á réttindi félagsmanna ASÍ. Málið kom einnig upp við endurskoðun kjarasamninga í janúar 2012, en þá lagði ríkisstjórnin fram sérstakt minnisblað um að fyrrgreind lög yrðu afnumin og skatturinn endurgreiddur. Miðstjórn ASÍ telur með ólíkindum, að þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi í þriggja gang gefið fyrirheit um afnám þessa skatts á elli- og örorkulífeyri skuli málið enn vera í átakafarvegi. Á heimasíðu ASÍ, asi.is, er hægt að nálgast ályktun miðstjórnar frá 14. nóvember og greinargerð um málið. Þar segir:

„Álagning sérstaks skatts á lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnumarkaði brýtur gróflega gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og því er óhjákvæmilegt annað en að miðstjórn ASÍ láti reyna á lögmati hennar fyrir dómstólum. Jafnframt hvetur miðstjórn ASÍ lífeyrissjóðina til að skoða lögfræðilega hvort forsendur eru fyrir því að fá dómstóla til að skera úr um ágreining varðandi samkomulag fjármálaráðherra við lífeyrissjóðina frá því í febrúar um þátttöku þeirra í sérstökum gjaldeyrísútböðum Seðlabanka Íslands.“



## Miðar í Hvalfjarðargöng

Félagsmaður í VerkVest fær miðann á kr. 550,-  
aðrir á kr. 700,-

Hægt er að kaupa miða á eftirtöldum stöðum  
Ísafjörður - skrifstofa Verk-Vest.  
Súðavík - Víkurbúðin  
Þingeyri - Hamóna - N1  
Tálknafjörður - Landsbankinn  
Patreksfjörður - skrifstofa  
Verk Vest Aðalstræti 5  
Hólmavík - Sparisjóðurinn



## Bilety na przejazd tunelem Hvalafjarðargöng

Bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng  
można zakupić w biurze Związków Zawodowych  
Verk-Vest w Ísafjörður. Cena biletu niżkowego  
dla członków związków wynosi 550 kr. Pełna cena  
biletu wynosi 700 kr.

Bilety również są do nabycia w następujących  
punktach: Víkurbúðin Súðavík,  
Sparisjóður w Hólmavík,  
Aðalstræti 5, Patreksfjörður,  
na stacji paliw N1 w Þingeyri.



## Discount tickets for the Hvalfjörður tunnel

Tickets for the Hvalfjörður tunnel can be obtained  
at the Verk - Vest office in Ísafjörður. The price of  
each ticket for Union members is only kr. 550. For  
others kr. 700.

Tickets may also be purchased in  
Súðavík - Víkurbúðin  
Þingeyri - Hamóna - N1  
Tálknafjörður - Landsbankinn  
Patreksfjörður - Aðalstræti 5  
Hólmavík - Sparisjóðurinn



## Desemberuppbót

Í desember skal samkvæmt kjarasamningum greiða  
sérstaka uppbot á laun. Desemberuppbot fyrir árið 2012  
er eftirfarandi fyrir 100% starf:

Almennt verkafólk og iðnaðarmenn	kr. 50.500
Verslunar- og skrifstofufólk	kr. 57.300
Starfsfólk sveitarfélaga	kr. 78.200
Starfsfólk ríkisstofnana	kr. 50.500
Starfsfólk Þörungaverksmiðjunnar Reykhólum	kr. 84.121
Starfsfólk Kalkþörungaverksmiðjunnar Bildudal	kr. 67.882



## Dodatek grudniowy

Wysokość dodatku grudniowego w oparciu o umowy  
zbiorowe w 2012 roku wynosi 50.500 kr. Handlowcom i  
pracownikom biurowym przysługuje kwota w wysokości  
57.300 kr, pracownikom administracji lokalnej przysługuje  
78.200 koron

Pracownikom państwowym specjalny dodatek grudniowy  
ma być wypłacony 1 grudnia. Pracownikom zatrudnionym  
na powszechnym rynku pracy powyższy dodatek ma być  
wypłacony nie później niż do 15 grudnia.



## December bonuses

Verk – Vest reminds its members that, according to collective  
wage agreements, they are entitled to a December bonus.  
According to Verk-Vest wage agreement with the State and  
collective agreements on the general labour market, the  
bonus is kr. 50.500.

According to the wage contract concluded with the  
Municipal Wages and Salaries Commission, the December  
bonus 2012 is kr. 78.200. State employees are to receive  
their December bonuses on 1st of December, employees on  
the general labour market on 15th December at the latest  
and municipal employees are to be paid their bonuses in  
December, in accordance with the appropriate wage and  
salary contracts.

**Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?  
Trúnaðarmaður er verndaður fyrir því með  
lögum að atvinnurekandi láti störf hans í þágu  
stéttarfélagsins bitna á honum,  
til dæmis með uppsögn.**

# Magnús Arnórsson og Guðmundur Valgeir Hallbjörnsson heiðraðir

Tveir aldraðir sjómenn, félagsmenn í verkalýðs- og sjómanna félögum á Suðureyri og Ísafirði voru heiðraðir á síðasta Sjómanna dag



Magnús Arnórsson við minnismerki um druknaða sjómenn á Ísafirði.

## Magnús Arnórsson, Ísafirði

Við sjómanna dagsguðþjónustu á Ísafirði var Magnús Arnórsson heiðraður. Magnús hóf snemma að stunda sjó héðan frá Ísafirði og réðst í sitt fyrsta skipsrúm 16 ára gamall hjá Birni Guðmundssyni á Pólstjörnnunni ÍS og var þar eina vetrarvertíð. Haustið eftir réð Magnús sig hjá Guðjóni Halldórssyni á Auðbirni ÍS sem var einn af Samvinnufélagsbátunum og var í því skipsrúmi eina vetrarvertíð.

Um tvítugt fór Magnús til Hafnarfjarðar og réð sig í skipsrúm hjá Guðmundi Kristjánssyni frá Hjöllum í Skötufríði á Fagraklett HF og var þar eina vetrarvertíð. En heimahagarnir kölluðu og Magnús réð sig hjá Herði Guðbjartssyni á Gunnhildi ÍS hér

á Ísafirði og síðar með Gísla Júlíussyni á Hugann I. Magnús fór eina vetrarvertíð á Böðvar AK frá Akranesi en árið eftir réð hann sig hjá Arnóri Sigurðssyni á Viking II. hér á Ísafirði.

Um haustið 1960 réð Magnús sig á vélbátinn Vin ÍS frá Hnífsdal. Þann 10. mars 1961 hélt Vinur ÍS í róður, róíð var austureftir eins og sagt er, en það á við þegar bátar fara austur fyrir Djúp en vestureftir þegar bátar fara vestureftir frá Ísafjarðardjúpi. Í Morgunblaðinu segir 11. mars 1961:

*Í gær gerðist sá hörmulegi atburður að tvo menn tók út af vélbátinum Vin frá Hnífsdal, og druknaði annar þeirra. Slysið varð 10 mílur norður af Straumnesi. Væður var Aust-Norð-Austan 7 til 8 vindstig og straumur mikill, svo kyrrt var. Nýbúið var að draga línuna og var verið að gera sjóklárt, áður en haldið yrði af stað til lands. Þá kom mikill hnútur á bakborðshlið bátsins og braut skjólborð og lunningu og tók út nokkra lóðastampa.*

*Þá tók út tvo menn, Guðmund Sigtryggsson, stýrimann og Magnús Arnórsson háseta, báða frá Ísafirði. Magnús náði í belg og náðist fljótlega upp í bátinn aftur, og Guðmundi sást bregða fyrir, en þegar að var komið var hann horfinn.*

Eftir slysið á Vin ÍS hugðist Magnús hætta sjómennsku og réð sig til vinnu hjá Íshúsfélagi Ísfríðinga, þar sem hann vann að mestu þar til hann fór á eftirlaun. Magnús réri reyndar með Júlíusi bróður sínum á handfæri og Inndjúpsrækju á bátunum Gláð og Svan og vann einnig um tíma í Rækjuvinnslunni í Edinborgarhúsinu.



## Guðmundur Valgeir Hallbjörnsson, Suðureyri

Í sjómanna dagmessu á Suðureyri var Guðmundur Valgeir Hallbjörnsson heiðraður. Guðmundur Valgeir er fæddur á Suðureyri þann 24. júní 1942, elstur fjögurra systkina, sonur hjónanna Svövu Hansdóttur og Hallbjörns Guðmundssonar sjómanns. Fyrsta bátinn réð hann sig á sumarið sem hann var fjórtán ára. Það var Andvari, skipstjóri Karl Gíslason, og á honum var hann síðan í beitningu veturinn eftir og þar með var eiginlegri skólagöngu lokið. Ýmsir bátar komu við sögu næstu ár á eftir, ýmist í beitningu eða á sjó og nefndi Valli bátana Svan ÍS 570, skipstjóri Bjarni Friðriksson, og Frey, skipstjóri Kristján Íbsen. Með honum fór hann á síld, sem var svolítið spennandi fyrir unga menn í þá daga.

Nýr Draupnir kom 1958, skipstjóri Samúel Guðnason, þar var það lína, net og svo síldveiðar. Guðmundur Valgeir réðst í skipsrúm til Angatýs Guðmundssonar, mikils aflamanns, ættuðum úr Súgandafirði og var með honum næstu 3-4 ár á ýmsum bátum. Voru það bátarnir Askur KE, Pétur Sigurðsson RE, Sigurvon AK, og Rífsnes RE, sem var elsti bátur sem Valli hefur verið á, byggður 1887. En heimahagarnir kölluðu og hér er Valli aftur mættur haustið 1962 og fer þá á Draupni með Erling Auðunssyni. Hann var á Ólafi Friðbertssyni í beitningu og á netum og svo tvö sumur á síld. Og hann tók þátt í útgerð þegar keyptur var 39 tonna bátur, Páll Jónsson, sem áður hafði verið hér og heitið Friðbert Guðmundsson, en var nú skírður Hersir. Meðeigendur voru Friðjón Guðmundsson, Árni Sigmundsson og Óskar Kristjánsson. Útgerðarfélagið hét Búrfell. Þennan bát gerðu þeir félagar út í þrjú ár.

Eftir að trollbátar og togarar komu í fjörðinn flutti Valli sig yfir á þá og nefnir hann Sverdrupsson, Trausta og Elínu Þorbjarnardóttur.



## Icelandair Hotels

Gisting í 2ja manna herbergi fyrir félagsmenn  
á kr. 11.100,-

Skrifstofa Verkalýðsfélags Vestfirðinga er með til sölu  
greiðslumiða Icelandair hótélanna.

Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu, eina nótt í tveggja  
manna standard herbergi.

- Áður Hótel Loftleiðir heitir nú  
Icelandair Hótel Reykjavík Natura.

- Áður Flughótel heitir nú Icelandair Hótel í Keflavík.  
Nánari upplýsingar á [icelandairhotels.is](http://icelandairhotels.is)

## Fosshótel

Gisting fyrir tvo í 2ja manna herbergi m/sér baði  
og morgunverði kr. 9.000,-

Skrifstofa Verk Vest er með til sölu gisti miða Fosshótelana  
fyrir félagsmenn sína.

Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu, eina nótt í  
tveggja manna herbergi með morgunmat.

Fosshótelin sem starfrækt allt árið eru alls 6 talsins:

Heilsárshótel:

Fosshótel Lind, Reykjavík

Fosshótel Baron, Reykjavík

Fosshótel Reykholt, Borgarfjörður

Fosshótel Húsavík

Fosshótel Dalvík

Nánari upplýsingar á [fosshotel.is](http://fosshotel.is)

### Fyrirvaralaus uppsögn

**Mikilvægt er að starfsmaður sem er rekinn úr  
starfi, eða sagt upp fyrirvaralaust, geri þegar í stað  
kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.**

**Þeir starfsmenn sem sagt er upp starfi  
fyrirvaralaust, skulu strax sama dag hafa samband  
við verkalýðsfélagið, annars er hætt á að þeir tapi  
áunnum réttindum í uppsagnarfresti.**

Alltaf var farið á skak á trillum á sumrin. Árið 1971 var keyptur  
5 tonna bátur, Tjaldur ÍS 65, og hann gerður út til ársins 1978. Sá  
bátur var smíðaður hér á Suðureyri af Hólmsbergi Arasyni. Það er  
síðasti trébátur sem smíðaður hefur verið hér og er nú staðsettur á  
leikvellingum við Aðalgötu.

Árið 1978 urðu kaflaskil í sjómennsku Valla því þá keypti hann, í  
félagi við Guðmund Ingimarsson og Hilmar Gunnarsson, 15 tonna  
plastbát sem skírður var Ingimar Magnússon og fékk einkennisstafina  
ÍS 650. „Ég átti nokkra belgi af Tjaldinum, merкта ÍS 65, svo það  
var ekkert nema að bæta núllinu aftan við,“ sagði Valli kíminn. Þeir  
urðu síðan fljótlega tveir eigendur Guðmundarnir og saman ráku þeir  
þennan bát til ársins 2006, eða í tuttugu og átta ár. Á þessum árum  
telst til að þeir félagar hafi landað um 8.800 tonnum. Guðmundur  
Valgeir hefur ekki lagt árar í bát, nú má sjá nýjan Tjald þjóta um  
fjörðinn og nú er það rauðmaginn sem má vara sig. Heyrst hefur að  
einn og einn skötuselur hafi látið lífið líka.

## Hús Verkalýðsfélagsins fær andlitslyftingu

Á þessu ári var hús Verkalýðsfélags Vestfirðinga á Ísafirði  
klætt að utan og hefur nú fengið ærlega andlitslyftingu. Það var  
Guðmundur Ó. Kristjánsson byggingameistari í Bolungarvík og  
starfsmenn hans sem unnu verkið.



## Vetrarleiga íbúða og orlofshúsa Verk-Vest

### Íbúðir í Reykjavík

Vikuleiga: 19.000

Helgarleiga: 14.000

Mánud. - föstud. (lágmark 3 dagar): 3.500 á dag

### Íbúð á Akureyri og Bjarnabúð Suðureyri

Vikuleiga: 18.000


Helgarleiga: 14.000

### Orlofshús Svignaskarði, Ölfusborgum, Illugastöðum og Einarstöðum

Vikuleiga: 18.000

Helgarleiga: 14.000

## Orlofsbústaðir Verk Vest



## Umgengni og frágangur

Skrifstofa Verkalýðsfélags Vestfirðinga sér um alla úthlutun og leigu orlofsbústaða/íbúða. Undantekning á því er að á veturna sjá umsjónarmenn á Einarstöðum, Illugastöðum og í Ölfusborgum um leigu húsa á sínum svæðum.

Bannað er að framselja leigusamninga. Leigutaki ber ábyrgð á húsinu/íbúðinni og öllu sem því fylgir. Það getur því orðið dýrt spaug að framselja öðrum leigusamning.

Allt húsdýrahald er bannað í orlofsbústöðum/íbúðum Verk-Vest.

Bannað er að reykja í öllum orlofsbústöðum/íbúðum félagsins.

Þar sem allar íbúðir félagsins eru í fjölbýlishúsum ber leigjendum að virða reglur fjölbýlishúsa um umgengni um sameign og bann við röskun á svefnfriði frá miðnætti til kl. 7 að morgni.

Leigutaka ber að ganga vel um, þrifa eftir sig og skila húsinu/íbúðinni og öllum búnaði hreinu og tilbúnu fyrir næsta leigjanda.

Framsál á leigusamningi eða önnur alvarleg brot á reglum eða skyldum sem leigutakar gangast undir með leigusamningi geta valdið því að félagsmaður verði útilokaður frá úthlutun framvegis.

Ef leigutaki skilur við íbúð án þess að þrifa hana á fullnægjandi hátt mun félagið kalla til hreingerningarfyrtæki sem samið hefur verið við og mun svo senda reikning til viðkomandi sem honum ber að greiða.

Leigutaki getur keypt lokaþrif á íbúðunum í Reykjavík hjá þvottahúsinu Drífu upplýsingar í síma: 562 7740 – gsm: 660 6581.



## Wynajmowanie domków wypoczynkowych w okresie zimowym

Członkowie Związków Zawodowych “Verk-Vest” mają możliwość wynajęcia domków wypoczynkowych poza okresem urlopowym; tzn. między 15 września, a 1 czerwca każdego roku. W ofercie są domki wypoczynkowe w Illugastaðir w dolinie Fnjóskadal na północy, w Ölfusborgir niedaleko Hveragerði na południu, w Svignaskarð w okolicy Borgarfjörður około godzina drogi od Reykjavíku. Związki posiadają do wynajęcia mieszkanie w Reykjavíku oraz Akureyri.



## Winter rental of holiday chalets

Although summer is the traditional vacation season, many also take a holiday during other parts of the year and a large number of people choose to postpone part of their summer vacation until autumn or winter. This is a good time to remind members of Verk-Vest that they have several good holiday options outside the conventional vacationing season. These options are staying in holiday chalets at Illugastaðir in Fnjóskadalur valley in the north, Ölfusborgir just outside Hveragerði in the south, an hours drive from Reykjavík and in the Svignaskarð area in Borgarfjörður, as well as making use of the union's holiday apartments in Reykjavík and Akureyri. The autumn and winter rents cover the period from 15th September to 1st June.



Ísafjarðarbíó opnar á ný:

# Meira en þúsund manns sóttu sýningar fyrstu vikuna




Alþýðuhúsið- Ísafjarðarbíó. Ljósmynd: Halldór Sveinbjörnsson.

Ísafjarðarbíó opnaði á ný föstudagskvöldið 19. október, eftir nokkurra mánaða lokun. Nýr sýningarbúnaður með stafrænni tækni gerir kvikmyndasýningar aftur mögulegar fyrir Ísfirðinga og nágretta þeirra. Nýju sýningartækin búa jafnframt yfir möguleika á þvíddarsýningum, 3D tækni, sem nú er vinsæl hjá yngri kynslóðinni. Mikil aðsókn var að sýningum bíósins fyrstu sýningarhelgarnar, enda sýndar úrvalsmyndir, allt frá vinsælustu frönsku bíómynd síðustu áratuga til nýjustu myndarinnar af breska njósnaranum 007, eða Jóni Bónða, eins og hann kallaðist stundum hér vestra. Á annað þúsund manns komu á sýningar Ísafjarðarbíós fyrstu tvær helgarnar sem opnað var, að sögn Steinþórs Friðrikssonar bíóstjóra. Þannig var greinilegt að margir fögnuðu tækifærinu til að skella sér í bíó og upplifa aftur gömlu góðu bíóstemminguna, með fullum gæðum í mynd og hljóði.

Fyrr á þessu ári gerði Verkalýðsfélag Vestfirðinga, sem er eigandi Alþýðuhússins og Ísafjarðarbær samkomulag um fjármögnun á nýjum sýningarbúnaði í bíó Alþýðuhússins. Bærinn samþykkti að styrkja tækjakaupin með sérstöku samkomulagi til tíu ára. Stjórn Verk Verk ákvað í framhaldi af því að ráðast í endurnýjun sýningartækjanna. Búnaðurinn er sambærilegur þeim sem best gerist í kvikmyndahúsum í höfuðborginni. Nú er hægt að sýna allar nýjar kvikmyndir, íslenskar og erlendar, sem dreift er á stafrænu formi. Auk þess gefast nú tækifæri til sýninga á fjölbreyttara efni, auk þess sem

möguleiki er á beinum sýningum frá menningarviðburðum gegnum sjónvarp eða netið. Með nýjum sýningarbúnaði og hljóðkerfi sem endurnýjað var árið 2005 má segja að framtíð kvikmyndasýninga á Ísafirði sé tryggð. Ísafjarðarbíó er eitt örfárra kvikmyndahúsa sem enn starfa hér á landi utan höfuðborgarinnar.




Unnið að uppsetningu nýju tækjanna. Ljósmynd: Halldór Sveinbjörnsson.

Alþýðuhús Ísfirðinga eða Ísafjarðarbíó var byggt á árunum 1934-1935 af verkalýðsfélagunum á Ísafirði. Fyrsti framkvæmdastjóri hússins var Hannibal Valdimarsson formaður Verkalýðsfélagsins Baldurs. Húsið hefur allt frá upphafi verið í eigu verkalýðshreyfingarinnar.



Þorsteinn J. Tómasson við gömlu sýningarvélarnar. Ljósmynd: Halldór Sveinbjörnsson



Sverrir Guðmundsson við fyrstu sýningarvélarnar. Ljósmyndasafnið Ísafirði

## Vinningshafar síðustu krossgátu



Nemendur Grunnskólans á Bíldudal. Mynd Arnar Þór Arnarson.

Fjöl margar réttar lausnir bárust við síðustu verðlaunakrossgátu. Starfsfólk skrifstofu Verk Vest dró úr réttum lausnum og upp úr kassanum kom nafn Grunnskóla Vesturbyggðar á Bíldudal. Grunnskólinn fékk senda bókina Vindur í seglum, svo nú geta nemendur kynnt sér sögu verkalýðsfélaganna á Vestfjörðum frá fyrstu árum þeirra, þar á meðal Verkalýðsfélagið Skjaldborg sem starfaði á Bíldudal á árunum 1908-1910. Verk Vest óskar nemendum og kennurum Grunnskólans á Bíldudal til hamingju með verðlaunin.


## Lausn síðustu krossgátu

Lausnarorð: SJÓMANNALAG

		B				H							
		⇒	L	Í	S	T	⇒	E	I				
			A	S	K		E	L	L <sup>9</sup>				
			M	A	A <sup>5</sup>	K	K	S					
		M		N	A	K	I	N					
	↓		F		L	E	I	K	N	I	N	A	
	É	L	J <sup>2</sup>	A	G	A	R	R	I		↓	G <sup>11</sup>	
	G	J	A	R	N <sup>7</sup>		A		S	T	Á	T	A
	↓	Á	T	T	A	N	↖	Ó	K	S	↘	Á	
E	F	R	A		S	U	B	B	A			N	S <sup>1</sup>
	A <sup>8</sup>		N	O	T	F	R	Ó	Ð	L	E	I	K
U	N	S		R		U	Ú		A	U	Ð	N	A
	N	N	I	Ð	A	N	Ð	I		R	A	G	N
	↓	A	L		R	A	G	N	A	Ð		S	S
M	E	R	L	A	Ð		U	N	G	A	N	A <sup>12</sup>	
	K	A	U	N		Ó	M	A	N		A	N	S
	K	R		D	E	L	A		S	K	R	Í	L
	I		Ó <sup>3</sup>	F	L	E	N	A		E	R	M	I
	↖	S	P	A	R	I	S	K	Ó	N	A	↘	N
S	P	Á		R	I	K	L	I	N	G <sup>6</sup>	R	O	K

## STÓRBROTIN BARÁTTUSAGA

eftir Sigurð Pétursson sagnfræðing



- Nýtt samfélag í mótn
- Fyrstu verkalýðsfélögin
- Átök og uppbygging

Útgefandi: Alþýðusamband Vestfjarða


Pantanir:

ASV (postur@verkvest.is) – s. 456-5190  
Fæst einnig í öllum helstu bókaforlunum

*Sparisjóður Bolungarvíkur  
óskar Vestfirðingum gleðilegra  
jöla og góðsárs komandi árs*

SPARISJÓÐURINN  
Bolungarvík





				1	2	3	4	5	6	7	8	9	
				SKRYT- IN DRYNNUR	↘	SIGRA R'AN- DÝR	↘	↘	FUGL		KVEINÁ ARGALAR VERUR	↘	
				↘	5				MÁLFR. SK. ST. BEIGS				
				TAPP- ANN								8	
				VÖFUR- NAR 'AVÓXT- UR									
JS	↓	ALLI ÆSA SLÆM	↘	FJÁR- MUNI HÆGT				SMA- BÁRA DREIFDI	9			LEGG- INNA GALLA	
AD- EINS									KONA HORFIR				
BÓFANN									ÆÐ MÆLI- EINING		KASSI AF- SVAR	↘	
HREKK- UR			↘						UMDEMI HVÍLD TRÚM EKKI		↑ TALA	2	
EINN		BALA SÁ VARGA						3					
HÖFÐA MULDR- AR									STRÁM- URINN AÐ INNAN				
↘							BIBL. NAFN HIMINN			R.VÍK BARM		'ATT ÓPETT- AR	↘
FRÁ SNÍKJ- UR			UMDEMI SYRÐJA VÍN- BLANDA			4							
↘							50 SAMML.		TVÍ- HLJÓÐI RYK				
'ATT SKIPTI		MEGIN- HAF FERSK BLASTUR										'ATTIR	
↘					PÍLUM 1 EINS				EINN ÚT- UNGUN		SAMST. SERA		
↘							STÓRU SAMTÖK PREYTU						
SMA- HNAKIL FÖR- SETN.		↘	SLÆM BRIMIL MYNT ↑								NÚMER SÖMU		
↘					PREK 50							PUNGI 7 ↘	
MAD- UR	↘		6						↘ KERA				

VERÐLAUNAKROSSGÁTA. Lausnarorð sendist til Verkalýðsfélags Vestfirðinga, Pólgötu 2, 400 Ísafirði fyrir 1. febrúar 2013. Dregið verður úr réttum lausnum. Vinningur: Vindur í seglum - Saga verkalýðshreyfingarinnar á Vestfjörðum I. bindi 1890-1930.





LÍFEYRISSJÓÐUR  
VESTFIRÐINGA

## Lífeyrissjóðirnir

*eru tvímælaust eitt af óskabörnum íslensku þjóðarinnar*

Íslensku lífeyrissjóðirnir mynda saman lífeyriskerfi sem landsmenn eru stoltir af og vekur athygli erlendis.

Brennt einkennir lífeyrissjóðina:

- **Sjóðsöfnun:** Við leggjum saman í sjóð sem er ávaxtaður til að greiða lífeyri til æviloka. Þannig er lífeyrir framtíðarinnar tryggður með traustum sjóði fremur en vaxandi skattbyrðum á afkomendur okkar.
- **Samtrygging:** Aðild að lífeyrissjóði tryggir þér verðtryggðan lífeyri til æviloka. Með samábyrgð og þátttöku allra tryggjum við einnig lífeyri til þeirra sem verða fyrir tekjumissi vegna sjúkdóma eða slysa.
- **Skylduaðild:** Aðild að lífeyrissjóðum er skylda samkvæmt landslögum og er forsenda þess að við getum dreift áhættunni, forðast mismunun og tryggt öllum lífeyri, óháð efnahag, aðstæðum eða kyni.

Réttur þinn til öruggrar afkomu er einn af hornsteinum okkar samfélags. Lágmarks-iðgjald á almennum vinnumarkaði frá 1. janúar 2007 er 12,0% af heildarlaunum. Launþeginn greiðir 4,0% og atvinnurekandinn 8,0%.

Með lífeyrissjóðunum leggjum við grunninn að fjárhagslegu öryggi okkar allra alla ævi.



LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Lífeyrissjóður Vestfirðinga • Hafnarstræti 9–13 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4233 • Fax 456 4710